



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Starfsáætlun Skýjaborgar 2022-2023

Ágúst 2022

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
2. SKÓLINN.....	3
2.1 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI.....	3
2.2 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA	4
2.3 BARNAHÓPURINN.....	4
3. STARFSFÓLK	4
4. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2022-2023.....	5
4.1 LEYFISDAGAR	6
4.2 SKIPULAGSDAGAR.....	6
5. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU	6
6. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2022-2023.....	7
7. MAT Á SKÓLASTARFI 2021-2022	9
7.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI.....	10
7.2 STARFSMANNASAMTÖL	10
7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar.....	10
7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun	10
7.2.3 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun	11
7.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA	12
7.3.1 Nám og þroski barna metin	12
7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra	14
7.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI	15
7.5 MAT Á SKÓLAÁRINU 2021-2022.....	15
7.6 AÐRIR MATSPÆTTIR	16
7.6.1 Foreldrakönnun Skólapúlsins	16
7.6.2 Starfsmannakönnun Skólapúlsins	18
7.6.3 Aukaforeldrakönnun vor 2022	22
7.7 SAMANTEKT	24
7.7.1 Styrkleikar	24
7.7.2 Tækifæri til umbóta	25
8. UMBÓTAÁÆTLUN SÍÐASTA SKÓLAÁRS	28
9. UMBÓTAÁÆTLUN 2022-2023	32
10. SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2022-2023	37
11. SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2022-2023	39

1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Samkvæmt aðalnámskrá gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnarmála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

2. Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: (eyrun@hvalfjardarsveit.is) / skyjaborg@hvalfjardarsveit.is.

Heimasíða skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

2.1 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí.

Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólk deilda eða skrái fjarveru / sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-16:30.

2.2 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

2.3 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi haustið 2022:

Árgangur	Fjöldi	Barngildi	Barngildi alls
2017	11	1	11
2018	5	1,1	5,5
2019	6	1,3	7,8
2020	9	1,6	14,4
2021	2	2	4
	33		42,7

Gert er ráð fyrir 0,375 stöðugildi vegna þriggja tvítýngdra barna, mat skólastjóra og sálfræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

Líkt önnur ár er áætluð fjölgun barna eftir áramót, en komnar eru tvær umsóknir eins árs barna (2022) og þeim fylgir aukið stöðugildi.

3. Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2022-2023 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Agnieszka Aurelia Korpak	Deildarstjóri	100%
Aldís Ósk Sævarsdóttir	Leiðbeinandi – í fæðingarorlofi til maí 2023	100%
Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	100%
Bára Tómasdóttir	Deildarstjóri	100%
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðbjörg Benjamínsdóttir	Matráður	100%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi – í leyfi allt skólaárið	46%
Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	85%
Karina Alexsandra Podlowska	Leikskólakennari	100%
Kinga Korpak	Leiðbeinandi	100%

Sigubjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	100%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	80%
Þórdís Þórisdóttir	Leikskólakennari	14%
Vantar	Leiðbeinandi	90%
	Stöðugildi samtals	10,55

Þetta skólaár er tímabundin ráðning leikskólasérkennara. Lagt verður fram árangursmat á verkefninu nk. vor.

Stöðugildi í Skýjaborg reiknast eftirfarandi skólaárið 2022-2023:

Stjórnun	1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	5,3375
Sérkennsla	0,375
Afleysing v. undirbúnings kennara	0,85
Afleysing v. undirbúnings leiðbeinenda	0,15
Afleysing 8,33%	0,6425
Samtals	9,3550
ALLS v. styttingu vinnuvikunnar	11,55

4. Skóladagatal Skýjaborgar 2022-2023

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og Fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársgangur. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum. Skóladagatalið má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/static/files/leikskoladagatal-skyjaborg-2022-2023-samthykkt.pdf>

	AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAY	JUNI	JULI
1. Minggu	1 F	1 S	1 D	1 F	1 F	1 D	1 M	1 M	1 S	1 M	1 M	1 S
2. D	2 F	2 R	2 M	2 M	2 F	2 R	2 F	2 F	2 S	2 R	2 R	2 R
3. M	3 S	3 M	3 F	3 S	3 S	3 D	3 F	3 F	3 M	3 M	3 S	3 M
4. F	4 R	4 D	4 F	4 S	4 M	4 M	4 S	4 S	4 R	4 R	4 R	4 D
5. F	5 M	5 M	5 S	5 M	5 F	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6. S	6 F	6 R	6 R	6 D	6 D	6 M	6 M	6 R	6 F	6 R	6 D	6 F
7. R	7 M	7 F	7 M	7 M	7 M	7 S	7 D	7 R	7 R	7 R	7 M	7 F
8. M	8 F	8 R	8 S	8 R	8 F	8 S	8 M	8 M	8 S	8 M	8 F	8 S
9. D	9 F	9 R	9 M	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 R	9 D	9 F	9 R
10. M	10 S	10 M	10 F	10 S	10 D	10 D	10 F	10 M	10 M	10 M	10 S	10 M
11. F	11 R	11 D	11 F	11 R	11 R	11 F	11 S	11 R	11 F	11 R	11 R	11 D
12. F	12 M	12 M	12 S	12 M	12 F	12 R	12 R	12 R	12 M	12 F	12 M	12 M
13. S	13 D	13 F	13 R	13 D	13 F	13 M	13 M	13 R	13 F	13 R	13 D	13 F
14. R	14 M	14 F	14 M	14 M	14 M	14 S	14 D	14 D	14 F	14 R	14 M	14 F
15. M	15 F	15 R	15 R	15 D	15 F	15 R	15 M	15 M	15 S	15 M	15 F	15 S
16. D	16 F	16 R	16 M	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 R	16 D	16 F	16 R
17. M	17 S	17 M	17 F	17 S	17 D	17 D	17 F	17 M	17 M	17 M	17 S	17 M
18. F	18 R	18 D	18 R	18 R	18 M	18 S	18 S	18 R	18 R	18 R	18 R	18 D
19. F	19 M	19 M	19 S	19 M	19 F	19 F	19 R	19 R	19 M	19 M	19 M	19 M
20. S	20 F	20 F	20 R	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 R	20 R	20 F	20 F
21. R	21 M	21 F	21 M	21 M	21 S	21 D	21 R	21 R	21 F	21 R	21 M	21 M
22. M	22 F	22 R	22 R	22 D	22 F	22 R	22 M	22 M	22 S	22 M	22 F	22 S
23. D	23 F	23 R	23 M	23 F	23 F	23 M	23 F	23 R	23 R	23 F	23 F	23 R
24. M	24 S	24 M	24 F	24 S	24 R	24 D	24 F	24 F	24 M	24 M	24 S	24 M
25. F	25 R	25 D	25 F	25 M	25 M	25 M	25 S	25 S	25 R	25 M	25 R	25 D
26. F	26 M	26 M	26 R	26 R	26 M	26 F	26 R	26 R	26 M	26 F	26 M	26 M
27. S	27 F	27 F	27 R	27 S	27 F	27 F	27 M	27 M	27 F	27 F	27 D	27 F
28. R	28 M	28 F	28 M	28 M	28 M	28 S	28 D	28 D	28 F	28 R	28 M	28 F
29. M	29 S	29 S	29 D	29 F	29 F	29 R	29 M	29 M	29 S	29 R	29 M	29 S
30. D	30 F	30 R	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 R	30 S	30 D	30 F	30 R
31. M	31 F	31 M	31 M	31 M	31 S	31 D	31 F	31 M	31 M	31 R	31 M	31 M

6. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2022-2023

Foreldraviðtöl: Við höfum undanfarin þrjú ár verið með eitt foreldraviðtal í kringum afmælisdag barnsins. Við höfum ákveðið að fara aftur í tvö foreldraviðtöl yfir veturinn. Foreldrar geta ávallt sóst eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra til þess.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar, þær skoðaðar og sumar lesnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

Kynningarfundur Dropa 20. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Kynningarfundur Regnboga 21. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Umferðarvika 17.-21. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Afmælisdagur Lubba. Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. 3. bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur fengin í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventa: Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 2. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 16. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig síðustu árin fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs. Einn dag á aðventunni höldum við jólafatadag þar sem allir eru hvattir til að mæta með jólahúfur, í jólapeysum, buxum eða sokkum (ath. við erum ekki að tala um spariföt).

Bóndadagskaffi 20. janúar: Á bóndadaginn er öllum körlum í lífi barnanna boðið í bóndadagskaffi.

Þorrinn: Þorrablót haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skróðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Tannverndarvika 30. janúar-3. febrúar: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Konukaffi 17. febrúar: Í tilefni konudags er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

Bolludagur 20. febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómobollur í kaffitíma.

Sprengidagur 21. febrúar: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 22. febrúar: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið er ball.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

Dans: Í 5 vikur í mars og apríl er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa.

Dagur umhverfisins, 25. apríl: Þá er farið út að tína rusl. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

Vorskóli elstu barna: 2., 3. og 4. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarúttunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: Seinnipartinn í maí, áætlað 17. maí, verður farið í hina árlegu sveitarferð að Bjarteyjarsandi.

Útskrift: Í lok maí, áætlað 25. maí kl. 14:00, verður útskrift elstu barna. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá afhent skírteini og gjöf. Hóp- og einstaklingsmyndir teknar. Eftir útskrift, kl. 14:30, er áætluð vorhátíð foreldrafélagsins.

Umferðarvika 8.-12. maí og hjóladagur 11. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskriftarferð: Einn veðurbliðan dag í lok maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Sumardagskrá: Síðustu tvö árin hefur sumardagskrá verið sett á laggirnar með uppbrotsdögum í júní, s.s. útidótadagur, búningadagur, bangsa- og náttfatadagur.

7. Mat á skólastarfi 2021-2022

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarfi ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2021-2022 voru að meta:

Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1 Starfsandi

Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttsýni

Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks

Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður

Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta skipulagsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfaskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

7.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Þetta skólaár komumst við ekki í að fara yfir neina árangursvísa. Vinna á skipulagsdögum vorannar breyttist aðeins vegna þróunarverkefnisins Snemmtæk íhlutun – Mál og læsi sem við byrjuðum í um áramót. Að auki dattu út nokkrir deildarfundir á vormánuðum vegna lokunar Dropans. Því gafst ekki tími í Barnið í brennidepli.

7.2 Starfsmannasamtöl

Starfsfólki er boðið upp á þrjú starfsmannasamtöl yfir skólaárið. Hvert samtal hefur ákveðin markmið og lykilsurningar sem stjórnandi og starfsmaður fara yfir og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Samtalsramma má sjá í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2021-2022.

7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar

Fór fram á tímabilinu 4.-8. október 2021

Niðurstöður: Alls tóku 13 starfsmenn fyrsta samtal skólaársins sem snéri að styrkleikum og hæfileikum. Markmið samtalsins var að greina styrkleika/hæfileika starfsmanns og finna leiðir til að nýta þá sem best.

Starfsfólk kafaði inn á við og ræddi starfið sitt í tengslum við styrkleika sína og hæfileika og setti sér persónuleg markmið í starfi. Flestir starfsmenn voru sammála um að gott væri að fá hrós og endurgjöf í daglegum samræðum. Einnig kom í umræðuna mikilvægi þess að fá uppbyggilega gagnrýni og koma hreint fram.

Annað sem kom fram í einstaka samtali: Nefnt var viðhald fari dvínandi, vanti metnað, vanti húsvörð eða að verkefnastjóri framkvæmda og eigna eigi fastan tíma í mánuði hjá okkur. Nefnt var mikilvægi þess að reyna að fá meira fagfólk inn á Regnbogann, hvað væri gott að hafa svona þrjú samtöl yfir skólaárið, gott að leita til leikskólastjóra og deildarstjóra, mikilvægi þess að allir starfsmenn fái að vita ef einhver má ekki sækja barn. Þetta er ekki staða sem við erum í dag. Að lokum kom einn með hugmyndir til að minnka álag í aðlögun, fá t.d. eitt barn á mánudegi, næsta barn á miðvikudegi.

Tækifæri til úrbóta: Notum uppbyggilega gagnrýni til að koma endurgjöf á milli starfsfólks í starfi (*allt starfsfólk*). Skoða viðhaldsmál (*leikskólastjóri*). Skoða fagfólk í húsi, dreifingu þeirra og við nýráðningar (*leikskólastjóri*). Skoða aðlögunartíma næsta haust (*deildarstjóri í samráði við leikskólastjóra og starfsfólks deildar*).

7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun

Fór fram á tímabilinu 1. mars – 12. apríl 2022.

Niðurstöður: Alls tóku 11 starfsmenn annað samtal skólaársins sem snéri að starfsanda, liðsheild og stjórnun. Markmið samtalsins var að heyra raddir allra í hvað við getum gert betur í samvinnu og stjórnun.

Starfsmenn voru beðnir að meta starfsánægju sína og sjá mátti á niðurstöðunum að þetta var erfiður tími, mátti finna þreytu í starfsmannahópnum og ræddu margir um að þetta hefði verið óvenjulega erfiður vetur, mikið um manneklu og álags vegna veikinda, álags vegna lokunar deildar og andlát samstarfsmanns. Börnin og samstarfsfólk veitir starfsfólki almennt vellíðan í starfi. Til að bæta eigin vellíðan vill starfsfólk horfa í jákvæðni, þakklæti og gott samtal á milli starfsmanna.

Það sem starfsfólki finnst einkenna samskipti og samvinnu hjá sér og skólanum í heild gagnvart foreldrum er meðal annars kærleiki, virðing, kurteisi, hlustun og samtal. Starfsfólk metur samskipti við foreldra mjög góð. Gagnvart vinnufélögum er það góð samvinna, kærleiki, virðing, kurteisi, hlustun, samtal, opin og heiðarleg samskipti, hjálpssemi. Sumir vilja sjá meira og betra samstarf á milli deilda. Gagnvart börnum er það kærleiki, virðing, kurteisi, hlustun, samtal, dásamleg, góð og fín.

Starfsfólk var spurt út í leiðir fyrir starfsmenn til að vinna betur saman og nefndi starfsfólk meðal annars það að halda í það að vera í góðu samtali, þetta hópinn með einhvers konar hópefli innan eða utan vinnutíma, halda í jákvæðni, vera opnar og heiðarlegar. Starfsfólk var spurt út í hvort einhverjir flöskuhálsar væru gagnvart framkvæmd og úrlaus verkefna og nefndi starfsfólk að það vanti verkferla til að fylgja eftir þegar áhyggjur vakna á þroska eða hegðun barna og mikil bið sé á að viðhaldi sé sinnt.

Að lokum var starfsfólk spurt út í hvað væri það fyrsta sem það myndi vilja breyta ef það væri yfirmaður. Margar hugmyndir komu upp s.s. ráða leikskólasérkennara, halda dýrum úti s.s. hænur, kanínur, útbúa nýtt eldhús, ýta á nýtt húsnæði með hreyfisal, fundarsal, byggja nýjan leikskóla, kaupa smekki, tafla/ipad á kaffistofu þar sem starfsfólk geti skoðað stöðuna í húsi áður en það fer inn á deild og deildarstjóri í húsi allan daginn.

Annað sem kom fram í samtölunum hjá einstaka starfsmanni var að seinnipartarnir eru þungir, þarf fleiri starfsmenn, erfitt að vera undirmannaðar út af undirbúningstíma og þörf á að hvetja börnin til sjálfstæðis við matarborðið á Regnboganum.

Tækifæri til úrbóta: Hópefli (allir starfsmenn). Halda áfram með þróunarverkefnið okkar Snemmtæk íhlutun í mál og læsi, en þar útbúum við skriflega verkferla til að fylgja eftir þegar áhyggjur af barni vakna. Leikskólastjóri og deildarstjórar meðvitaðir um að bregðast við þegar vantar starfsfólk (leikskólastjóri, allir starfsmenn). Skoða seinniparta og mönnun (stjórnendur). Skoða ráðningu v. sérkennslu (leikskólastjóri), kaupa smekki (leikskólastjóri), fylgja eftir skýrslu um framtíðarsýn í leikskólamálum m.t.t. nýs leikskólahúsnæðis en fyrst auka húsnæði á lóð til að fá hreyfisal, aukin undirbúningsrými og fundarherbergi (leikskólastjóri). Ýta undir sjálfstæði við matarborðið á Regnboganum (allir starfsmenn).

7.2.3 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun

Fór fram á tímabilinu 10.-19. maí 2022.

Niðurstöður: Alls tóku 13 starfsmenn þriðja starfsmannasamtal vetrarins sem snérist um starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun. Markmið samtalsins var að heyra raddir allra hvernig við getum náð auknum árangri í starfi sem einstaklingur og vinnustaðurinn í heild.

Starfsfólk var spurt út í þætti í starfi eða starfsumhverfi sem gætu haft áhrif á framtíð þess. Meðal annars sem svarað var að passa upp á líkamsbeitingu og andlegt álag vegna manneklu. Starfsmenn segjast njóta sín til fulls í starfi.

Starfsfólk var spurt út í hugmyndir til að bæta skólann okkar m.t.t. vinnuaðstöðu, vinnuskipulags og samstarfs: Mörg spennandi verkefni í gangi núna (Snemmtæk íhlutun þróunarverkefnið, uppbygging útielðhúss). Kjarna sérkennsluna betur með t.d. einum starfsmanni. Betra samtal á milli deilda. Ýta

meira undir tónlist. 18-19 börn á Regnbogann draumastaða. Net yfir sandkassann. Finna styrkleika allra starfsmanna og veita veikleikum hvor annarra þolinmæði. Ýta undir byggingu nýs leikskóla. Bæta við hreyfisal, fundarherbergi, stærri undirbúningsaðstöðu, bókasafnsrými. Skoða markmið okkar varðandi dót/leikföng inni á deild. Nýta blöð betur. Virkja aftur hjólalausán dag. Gera meira úr dögnum sem við höldum upp á s.s. Dagur umhverfisins, Dagur leikskólans, Dagur ísl. Tungu/ Lubba afmæli. Stærri og betri þvottahús – núverandi þvottahús er einungis fyrir þrif, enginn aðstaða fyrir þvott. Breyta föstudagskaffinu að morgni, núverandi skipulag hentar börnunum illa.

Starfsfólk var spurt út í hvaða endurbætur/umbætur það myndi sitja efst á blaði ef það fengi að ráða (m.t.t. verkferla og vinnubragða): Koma aukahúsi með hreyfirými í framkvæmd. Að seinniparturinn nái að enda vel alla daga. Meiri tónlist, nýta starfskraftinn. Auka skóhillu á Regnbogann. Fá snaga inn á útiklósett fyrir starfsfólk. Vera duglegri að rifja upp verkferla og vinnubrögð s.s. á haustin og aftur í jan/feb. Fara vel með skordýrin og köngulærnar. Fá starfsmenn á hvorri deild fyrir sig til að undirbúa umhverfið saman á haustin.

Starfsfólk var spurt út í hvaða færni það myndi vilja læra s.s. námskeið eða námstækifæri. Sumir eru í námi og finnst það nóg. Aðrir nefndu: Tölvufærni. Blær (verður í okt 2022). Leikur að læra. Stærðfræði. Grænmetisfæða. Rie námskeið. Núvitundarnámskeið. Sjálfsvitundarnámskeið. Skýrari stefnu og þjálfun við upphaf starfs, t.d. setja á einn lykilaðila sem er með nýjum starfsmanni á deild og stýrir honum. Útbúa samskiptastefnu, hvernig við tölum við hvort annað.

Tækifæri til úrbóta: Skoða sérkennslu (stjórnendur). Betri samtal á milli deilda (deildarstjórar, allir starfsmenn). Net yfir sandkassann (leikskólastjóri). Ýta undir byggingu nýs leikskóla (leikskólastjóri). Ýta undir að fá færanlega kennslustofu fyrir hreyfisal og undirbúningsaðstöðu (leikskólastjóri). Skoða markmið okkar varðandi dót/leikföng inni á deild (allir starfsmenn). Nýta blöð betur, átak inni á deildum (allir starfsmenn). Virkja hjólalausán dag á miðvikudögum (allir starfsmenn). Skoða hvað við gerum á eftirfarandi dögum og hvort við viljum bæta einhverju við: Dagur umhverfisins, Dagur leikskólans, Dagur ísl. Tungu/ Lubba afmæli (allir starfsmenn). Endurskoða föstudagskaffið (allir starfsmenn). Passa upp á að nægt starfsfólk sé í lok dags (stjórnendur). Skoða tónlistarnám innanhúss (stjórnendur). Bæta við skóhillum á Regnbogann (leikskólastjóri). Fá snaga á útiklósett fyrir starfsfólk (leikskólastjóri). Rifja upp verkferla og vinnubrögð að hausti með starfsfólki (stjórnendur). Fara vel með skordýrin og köngulærnar, við skoðum og skilum svo aftur í náttúruna (allir starfsmenn).

7.3 Mat á námi og velferð barna

7.3.1 Nám og þroski barna metin

Almenn foreldraviðtöl eru haldin í kringum afmælisdag barnsins og gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma að skipulagi skólastarfsins. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. En framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Ahliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum.

Í foreldraviðtölum frá maí 2021 - júní 2022 kom eftirfarandi fram á Regnboganum:

Í viðtölum skólaársins var sest niður með foreldrum farið yfir þroska og líðan barnanna, samskipti og tengsl við börn og starfsfólk á deildinni. Hvernig barninu gengur í skipulögðu starfi og frjálsum leik.

Allir foreldrar voru sammála um að barninu líði vel í leikskólanum, voru ánægðir með starfsfólkið á deildinni, finnst mikið gert með barninu sínu og fylgst vel með að barninu líði vel. Bera mikið traust til leikskólans og finnst auðvelt að leita til starfsmanna. Finnst hlustað á sig sem foreldra og eitt foreldri nefndi að brugðist hafi strax við gagnrýni/ábendingu sem það kom með. Finnst börnin læra mikið í leikskólanum nefndu fána vinnuna og könnunarverkefnið. Ánægð með Lubba verkefnið að hann komi heim til barnanna og góð og skemmtileg málörvun. Finnst betri samskipti hjá barninu sínu og vinum þess. Nefnt var að barnið væri ánægðara að koma í leikskólann, virðist líða betur og vera glaðari heima fyrir vikið. Finnst barnið sitt hafa blómstrað á vorönn. Gott starfsfólk og frábært upplýsingaflæði. Faglegt og flott starf á deildinni. Vel tekið á móti börnunum. Finnst félagsfærnisaga hafa hjálpað barninu sem gerð var. Ánægð með þulurnar sem þau læra. Finnst gott að börnin fái meira val hversu langa útiveru þau taka, fái að velja að fara fyrir út. Nokkrir foreldrar lýstu yfir ánægju að foreldraviðtölin verði 2x á næsta skólaári. Nokkrir foreldrar voru ánægðir með myndirnar og að fá reglulega tölvupósta.

Ábending: Eitt barn talar um heima að finnast óþægilegt að geta ekki lokað að sér á klósettinu.

Bára Tómasdóttir, júní 2022

Í foreldraviðtölum frá maí 2021 - júní 2022 kom eftirfarandi fram á Dropanum:

Á Dropanum er lögð áhersla á góð dagleg samskipti við foreldra. Í foreldraviðtölum situr deildarstjóri Dropans með foreldrum og fer yfir þroska og vellíðan barnsins, rætt er m.a. um: hvernig barninu gengur í leikskólanum í skipulögðum tíma og í frjálsum leik, um styrkleika barnsins og hvað má leggja meiri áherslu á, um samskipti og tengslamyndun barnsins við önnur börn og starfsfólkið. Auk þess eru foreldrar spurðir um væntingar þeirra til leikskólans. Allir foreldrarnir sögðu að þeir væru mjög ánægðir með starfsfólkið og starf þeirra á Dropanum. Þeir nefndu að börnin eru ánægð með það að mæta í leikskólann, að leikskólinn okkar væri þægilegur staður þar sem börnin finna strax öryggi og traust í garð starfsmanna. Flestir nefna að mikið væri gert, að börnin læra mikið, sérstaklega jákvæð samskipti þar sem félagslegsproski þeirra blómstrar. Foreldrar skiluðu þakklæti sínu til starfsmanna Dropans fyrir frábært starf og umhyggju fyrir börnunum þeirra. Öllum foreldrum finnast Dropafréttirnar (upplýsingapósturinn) frábærar. Þeir eru ánægðir að sjá mikið á myndunum og myndböndunum og nokkrir foreldrar nefndu að þeir setjst niður með börnum sínum og horfa saman á myndböndin. Þeim finnst þetta frábært tækifæri í að spjalla um hvað gerðist og hvernig var í leikskólanum. Það kom ein ábending að vantar að skrá betur máltíðir og svefn í Karellen. Auk þess

upplifuðu foreldrar með ánægju skemmtilegar stundir með Lubba heima hjá þeim og skráðu þær í hefti. Markmiðið með þessu verkefni er að virkja samvinnu við heimili barnsins og gefa foreldrum tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans.

Agnieszka Aurelia Korpak, ágúst 2022

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávík í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann 1-2x í mánuði yfir vetrarmánuði og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

Skólasálfræðingur kemur eftir þörfum í leikskólann og sinnir greiningum og ráðleggingum til foreldra og/eða starfsfólks eftir því sem við á.

Starfsfólk les deildarnámskrá sinnar deildar yfir á hverju hausti, svo allir séu meðvitaðir um þær áherslur sem eru á deildinni.

Tækifæri til úrbóta: Gefa börnum tækifæri til að loka að sér á öðru klósettinu eða bjóða þeim á útiklósettið (Farið var strax í framkvæmdir – ekki þörf á að setja í umbótaáætlun). Skrá daglega máltíðir og svefn í karellen.

7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra

17 börn tóku þátt í broskarlamati haustið 2021 eða tveir elstu árgangar leikskólans. Langflestum líður vel í leikskólanum. Þegar deginum er skipt niður í stundirnar sem þau fá yfir vikuna má sjá að þeim líður best í frjálsum leik og útivera kemur þar fast á eftir, en mikill frjáls leikur er einnig í útiveru. Um helmingur barnanna líður ekki vel í hringleik eða 8 börn. Hringleikur er stöðvavinna sem prófuð var í fyrsta skipti nú í haust. Hringleikurinn er í þróun og ekki mikil reynsla kominn á hann. Sömu sögu er að segja af hugarfrelsisstundunum, þar líður 9 börnum vel eða nokkuð vel en 8 ekki vel. Skoða þarf þær stundir til að auka líðan barnanna í þeim stundum. 12 börnum líður vel eða nokkuð vel í samveru- og lestrarstundum en 5 ekki vel. Langflestum finnst maturinn góður í leikskólanum.

Misjafnt er á milli barna hvort þeim þykir þau vera stutt eða lengi í leikskólanum og er þetta breyting frá síðustu árum, þar sem flestum börnum þótti þau vera lengi í leikskólanum. Um helmingur barna telja foreldra sína vita hvað þau gera í leikskólanum og um helmingur ekki.

Öll börnin gátu talið upp eitthvað sem þau telja sig vera góð í. Meðal þess sem talið var upp var að perla, lita, leika sér, fara í íþróttir og sund, vera glaður, fara í felu- og eltingaleik. Þau vildu einnig öll verða betra í einhverju, s.s. í heljarstökki, ýmsum leikjum, tölvuleik og að vera geimfari.

Börnin töldu upp ýmislegt sem þeim finnst skemmtilegt að gera í leikskólanum, en leikurinn og að leika við vini sína skein úr svörum barnanna, einnig var nefnt að perla, teikna, mála, stóru plúskubbornir, hlæja og fara í Heiðarskóla.

Börnin töldu einnig upp ýmislegt sem þeim finnst ekki skemmtilegt í leikskólanum. Sum börnin sögðu ekkert. Önnur nefndu t.d. að pissa, hvíld/hugarfrelsi, lita og hlusta á sögu. Mjög einstaklingsbundið.

Öll börnin gátu talið upp hverjir vinir þeirra væru í leikskólanum og flestir töldu upp fleiri en einn vin.

Tækifæri til úrbóta: Unnið var með niðurstöðurnar strax í vetur.

7.4 Grænánaverkefni

Í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar má finna skýrslu um umhverfismennt í Skýjaborg yfir skólaárið.

7.5 Mat á skólaárinu 2021-2022

Fjórir starfsmenn bættust í starfsmannahópinn í haust, einn fram að áramótum. Tveir starfsmenn hófu störf í janúar og einn í mars. Nýr ræstitæknir var ráðin við upphaf skólaárs. Einn starfsmaður féll frá í vetur.

Skipulagsdagar voru vel nýttir í skipulagningu starfs, námskeiðahalds og fundi. Á planinu var utanlandsferð en vegna heimsfaraldurs var henni frestað annað árið í röð, annar skipulagsdagurinn færður til og nýttur strax um haustið. Meðal annars fékk starfsfólk námskeið hugarfrelsi og MIO. Sjá má í Ársskýrslu 2021-2022 hvaða námskeið starfsfólk fór á bæði á skipulagsdögum og það sem þeir sóttu utan þeirra. Fagfundur Leik- og grunnskóla var haldin 24. mars 2022 í Heiðarskóla. Þórdís Þórisdóttir var með erindi um lesskilning og Læsisstefnan var yfirfarin af starfsmönnun eftir stigum. Fundurinn tókst vel.

Ekki náðist alveg að framfylgja aðgerðaráætlun Grænánans þennan vetur eins og vanalega. En starfsfólk er meðvitað um að halda vel á spöðunum í haust. Deildarugl var áfram inni mánaðarlega og í vetur færðist það í 1x í viku á þriðjudögum sem gafst vel. Söngstund var einu sinni í viku sem allir komu saman og sungu undir stjórn tónlistarkennara, allir mjög ánægðir með það fyrirkomulag.

Loka þurfti Dropanum í tæpan mánuð frá 4.-31. mars vegna raka og myglu. Tveir elstu árgangar leikskólans sóttu leikskóla í Heiðarskóla á meðan viðgerðir stóðu yfir á Dropanum. Þetta var reynslumikill tími sem einkenndist af miklu álagi á starfsfólki, veikindum, afleysingarstarfsfólks, mikilli endurskipulagningu. Þetta var þó einnig tími mikils aukins þroska, sjálfstæðis, uppgvötunarnáms, gleði, aukinnar samstöðu og samvinnu innan barnahópsins. Fjórar af sex skólasamstarfsdögum vorsins voru innan þessa tímaramma. Börnin héldu sínum sundtímum á þeim dögum. Að auki fékk hópurinn tónlistartíma. Svo var auðvitað allur tíminn mikil aðlögun. Að öðru leyti var skólasamstarfið með sama sniði og síðustu ár. Barnahópurinn komst í allar sínar heimsóknir.

Stjórnendur höfðu umbótaáætlun 2021-2022 til hliðsjónar allt skólaárið og framkvæmdu eins og mikið og mögulegt var af þeirri áætlun. Umbótaáætlun er metin og það sem er klárt er tekið út og því sem er ekki lokið er haldið inni í næstu áætlun.

7.6 Aðrir matsþættir

Gerð var umbótaáætlun v. ytra mats á vegum Menntamálastofnunar haustið 2018 og hefur verið unnið eftir henni og fært inn í umbótaáætlun starfsáætlunar Skýjaborgar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fengið árlega skýrslu um framkvæmd umbótaáætlunar. Umbætur voru kláraðar sumarið 2021 og hefur Mennta- og menningarmálaráðuneytið staðfest það.

7.6.1 Foreldrakönnun Skólapúlsins

Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar hefur annað hvert ár lagt fyrir foreldrakönnun. Nú í fyrsta sinn var notast við kerfi Skólapúlsins. Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður í foreldrakönnun Skólapúlsins sem framkvæmd var í febrúar 2022. Fjöldi þátttakenda í könnunni var 30 en fjöldi svarenda 24 eða svarhlutfall upp á 80%. Tekið er sérstaklega fram ef munurinn á Skýjaborg og landsmeðaltali er tölfræðilega marktækur.

1. Daglegt leikskólastarf

Allir foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans og allir telja barnið sitt ánægt í leikskólanum og líki almennt vel í samverustundum, frjálsum leik, hópastarfi og útiveru.

87,5% foreldra telja að barnið sitt fái hollan og góðan mat í leikskólanum. Það er 7,7% undir landsmeðaltali (ekki tölfræðilega marktækur munur) og eru það foreldrar 1-3 ára barna sem skera sig úr og eru frekar ósammála (tölfræðilega marktækur munur hjá þeim aldursflokki), á meðan allir foreldrar 4-5 og 6+ ára barna telja barnið sitt fá hollan og góðan mat í leikskólanum. **Til umbóta:** Spyrja foreldra nánar út í mataræði leikskólans í annarri foreldrakönnun með opnum spurningum.

78,3% foreldra eru ánægðir með húsnæði og aðstöðu í leikskólanum og er það 12,9% undir landsmeðaltali (tölfræðilega marktækur munur). **Til umbóta:** Spyrja foreldra nánar út í húsnæði og aðstöðu í leikskólanum í annarri foreldrakönnun með opnum spurningum.

2. Námsumhverfi

94,7% foreldra eru sammála um sex jákvæðar staðhæfingar um vinnubrögð starfsfólks í leikskólanum í starfi með barninu. Það er 5,6% yfir landsmeðaltali (ekki marktækur munur). Allir telja barnið sitt fái þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið og að barninu sé mætt á sanngjarnan hátt. Langflestir telja að barnið sitt fái stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa, að barnið sitt sé hvatt til sjálfstæðis og að á deildinni séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna og að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt.

Allir foreldrar eru sammála um fimm jákvæðar staðhæfingar um aðstöðuna í leikskólanum. Allir eru mjög eða frekar sammála því að námsumhverfið tekur mið af áhuga og reynslu, barnið þeirra hefur aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum, foreldrar telja námsumhverfið öruggt, telja barnið sitt

hafi næg tækifæri til að leika sér og að námsumhverf barnsins þeirra hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna. Það er 7,4% yfir landsmeðaltali (ekki marktækur munur).

86,4% foreldra eru sammála um fimm jákvæðar staðhæfingar um þjálfun félagslegra samskipta í leikskólanum. Niðurstöður foreldra eru 8,9% undir landsmeðaltali (ekki marktækur munur). Eru það foreldrar 6+ ára barna sem eru mest ósammála, en marktækur munur er þar miðað við landið. Tveir foreldrar eru frekar ósammála að barnið læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum. Allir eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra fái leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum. Eitt foreldri er mjög ósammála að barnið þess fái næg tækifæri til að efla félagsfærni sína. Tveir foreldrar eru frekar ósammála því að barnið þess á vini í leikskólanum. Eitt foreldri er frekar ósammála að barnið þess læri tillitsemi við aðra.

Til umbóta: Á skipulagsdegi: Fara yfir með starfsfólki hvernig við kennum börnum að læra að bera virðingu fyrir sér og öðrum og hvernig við aðstoðum börn í félagsfærni í gegnum leik og daglegt starf, möguleg aðstoð hér frá Miðstöð Skólaþróunar. Deildarstjórar: Skoði vinasambönd með starfsfólki og foreldrum og aðstoði þau börn að mynda vinasambönd.

94,4% foreldra eru sammála um þrjár jákvæðar staðhæfingar sem fjalla um þátttöku barna í starfinu í leikskólanum án aðgreiningar og eru niðurstöður mjög nálægt landsmeðaltali. Allir foreldrar nema einn eru sammála að þeir telji leikskólakennara vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum. Allir eru sammála því að börnum af ólíkum uppruna og menningu er mætt á sanngjarnan hátt og réttindi kynja er virt á deildinni.

3. Samskipti við foreldra

81,8% foreldra eru sammála sex jákvæðum staðhæfingum um upplýsingamiðlun leikskólans til foreldra, sem er 6,9% yfir landsmeðaltali (ekki marktækur munur). 95,5% foreldra telja sig upplýsta um stefnu leikskólans og námskrá sem er 14,1% yfir landsmeðaltali (ekki marktækur munur). Allir foreldrar eru sammála að tengsl þess við þá sem vinna á deild barnsins þess eru góð. 85,7% foreldra segjast vera hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og er það 21,9% yfir landsmeðaltali og er það tölfræðilega marktækur munur. Flestir foreldrar telja atburði í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, séu tímasettir þannig að þeir geti sótt þá.

73,7% foreldra telja upplýsingar á heimasíðu/facebook síðu leikskólans séu gagnlegar. Það er 11,6% undir landsmeðaltali og er það tölfræðilega marktækur munur.

Til umbóta: Spyrja foreldra nánar út í heimasíðu skólans í annarri foreldrakönnun með opnum spurningum.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Flestir foreldrar eru sammála sex jákvæðum staðhæfingum um upphaf leikskólagöngu barnsins í leikskólanum. Einn taldi ekki að sérstakur leikskólakennari/lykilaðili hafi verið til staðar fyrir barnið og foreldra í aðlögunarferlinu og einn var ekki ánægður með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins.

Til umbóta: Passa upp á að lykilaðili sé til staðar fyrir barnið og foreldra þess í aðlögunarferlinu. Það á að vera svo við fínþúsum það. Passa upp á að fyrsta foreldrasamtal við leikskólastjóra í aðlögunarferlinu falli ekki niður. Í því samtali fer leikskólastjóri yfir aðlögunarferlið og getur gripið inn í ef eitthvað er að ganga illa. Þau samtöl dattu að hluta niður á covid-tíma.

Allir foreldrar eru sammála um þrjár jákvæðar staðhæfingar um aðlögunarferli um flutning á milli skólastiga. Allir foreldrar eru sáttir við aðkomu þeirra að flutningi barnsins á milli deilda í leikskólanum.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Niðurstöður eru 17,1% yfir landsmeðaltali (tölfræðilega marktækur munur) í hlutfalli barna sem hafa fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu. Enginn börn eru á biðlista. Það eru 7,5% fleiri foreldrar í Skýjaborg miðað við landsmeðaltal (ekki marktækur munur) sem hafa óskað eftir sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári.

Til upplýsinga: Á liðnu skólaári (2021-2022) eru 7 af 39 börnum (18%) tví/fjöltýngd og fá sérstuðning til að ýta undir íslenskan málþroska. 4 börn hafa fengið þjónustu sálfræðings og 8 börn þjónustu talmeinafræðings á skólaárinu.

6. Aukakönnun: Allir foreldrar eru ánægðir með viðbrögð leikskólans við covid-faraldrinum.

7. Opin svör

Foreldrar voru spurðir nokkrar opnar spurningar þar sem foreldrar voru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir gott við leikskólann og hvað meg betur fara. Þeir voru spurðir hvað er gott og hvað má bæta í daglegu starfi í leikskólanum. Þá gátu foreldrar komið einhverju á framfæri varðandi hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum barnsins. Einnig voru foreldrar spurðir út í námsumhverfið, samskipti, upphaf leikskóladvalar sérfræðipjónustu og sérkennslu. Athugasemdirnar eru ekki opinberar enda einn aðili á bak við hverja þeirra. Fleiri jákvæðar athugasemdir bárust en neikvæðar.

Dæmi um það sem foreldrum finnst gott: líðan barns, ánægður með starfið, óeigingjart og gott starfsfólk, faglegt starf, stöðugt starfsmannahald, öflugt starfsfólk, hlýlegt umhverfi, vel upplýstur af starfsfólki, skapandi og frjáls leikskóli, hádegismaturinn hennar Guggu, góð samskipti, vatnsbrúsarnir, gott andrúmsloft, börnin eru í fyrsta sæti, ekki of mörg börn, einstakt og hæft starfsfólk, útiveran, upplýsingar, yndislegt starfsfólk, barnið segir að allt sé skemmtilegt, mikil útivera, hlýlegt og metnaðarfullt starfsfólk, leikið eftir þörfum barna, lítill og náinn leikskóli, rúmgóð deild, sér leikvöllur fyrir yngri börn, alltaf tekið vel á móti, reglulegir tölvupósta og fréttabréf deildarstjóra,

Dæmi um það sem foreldrum þykir að betur meg fara: Aðstoða barnið að eignast vini, matseðill mætti vera fjölbreyttari, huga að ýmsu varðar húsnæði og útisvæði, nýjir starfsmenn kynni sig, óviðeigandi skilaboð frá börnunum heim, skráning í app, meiri fyrirvara um viðburði, ekki horfa á þætti nema þá fræðsluþætti í tengslum við hópastarf, meiri agi, vantar íþróttasal/samverusal, sleppa sjónvarpsáhorfi, sleppa ípad notkun nema stutt og þroskandi leiki, sjá meiri útikennslu í fjölbreyttu umhverfi, rólur að detta í sundur, grindverk laus, talmeinafræðingur kæmi oftar, meira samræmi á milli daga í skráningum í karellen.

7.6.2 Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar hefur annað hvert ár lagt fyrir starfsmannakönnun. Nú í fyrsta sinn var notast við kerfi Skólapúlsins. Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem framkvæmd var í mars til 8. apríl 2022. Fjöldi þátttakenda í könnunni var 16 en fjöldi svarenda 14 eða svarhlutfall upp á 87,5%. Tekið er sérstaklega fram ef munurinn á Skýjaborg og landsmeðaltali er tölfræðilega marktækur

1. Starfið

Vinnuálag: Er á pari við landsmeðaltal. Flestu starfsfólki finnst vinnuálagið stundum óreglulegt svo að verkefni hlaðast upp. Það finnst það stundum eða fremur oft þurfa að vinna á miklum hraða og hafa of mikið að gera. Skýrleiki hlutverks: Flestu starfsfólki finnst væntingar og markmið í starfinu skýr fremur oft, mjög oft eða alltaf. Langflest starfsfólk veit fremur oft, mjög oft eða alltaf hvað fellur undir þeirra ábyrgð og til hvers er ætlast af þér í starfi þínu.

Ágreiningur um hlutverk: Ekki mælist ágreiningur um verkefni s.s. að fólk þurfi að gera eitthvað sem það finnst að það ætti að gera öðruvísi eða að því sé falin verkefni án þess að fá viðeigandi úrræði til að leysa þau. Jákvæðar áskoranir í starfi: Starfsfólki finnst kunnátta þeirra nýtast í starfi og starfið sitt stundum eða oft krefjandi í jákvæðri merkingu. Allir eru sammála um að starfið þeirra sé mikilvægt.

2. Starfsmenn

Leikni í starfi: 54% starfsfólks er ánægt með gæði vinnunnar sem það vinnur fremur oft eða mjög oft/alltaf. Landsmeðaltal er 79% og er tölfraðilega marktækur munur á Skýjaborg og landinu öllu. Starfsfólk er þó ánægt með afköstin sem það skilar. Það er ánægt með færni sína til að leysa vandamál í starfi. **Til umbóta:** Í starfsmannasamtali í haust (1. samtal – styrkleikar og hæfileikar) ræða um gæði vinnunnar. Fá aðstoð frá Miðstöð Skólaþróunar með þetta málefni.

Skuldbinding til vinnustaðarins: Einungis 7,7% starfsmanna eru mjög sammála um að þeir segi vinum sínum að vinnustaðurinn sé góður á mót 48,3% á landinu. 62% starfsmanna eru fremur eða mjög sammála um að gildi þeirra samræmist vel gildum vinnustaðarins á mót 77% á landinu öllu. 77% starfsmanna telja að vinnustaðurinn veiti þeim hvatningu til að standa sig sem allra best í starfi. Í heild er skuldbinding til vinnustaðarins minni miðað við landið og er tölfraðilega marktækur munur. **Til umbóta:** Hópefli og aukin samstaða starfsmannahópsins. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.

Skörun vinnu og einkalífs: 62% starfsfólks finnst kröfurnar í vinnunni trufla heimilislífið og fjölskyldulífið stundum eða fremur oft, á mót 38% sem finnst það sjaldan.

3. Vinnustaðurinn

Starfsandi: Flestum finnst starfsandinn nokkuð eða fremur mikið hvetjandi og styðjandi. Fæstum finnst hann einkennast af tortryggni og vantrausti. Flestum finnst starfsandinn nokkuð eða mikið afslappur og þægilegur. Ánægja með vinnuaðstöðu: Flestir eru óánægðir með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum. Skýjaborg er tölfraðilega undir landsmeðaltali. Stuðningur frá samstarfsfólki: Langflestir telja sig geta fengið stuðning og aðstoð við verkefni frá samstarfsfólki sínu ásamt því að það vill hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni.

Stuðningur við nýsköpun: Starfsfólk telur sig flest sýna frumkvæði á vinnustaðnum stundum eða oft. Það telur sig vera hvatt til að koma með tillögur að úrbótum og telja samskipti í góðu lagi á deildinni / vinnusvæðinu. Mismunur: Fæstir hafa tekið eftir mismunur í framkomu gagnvart körlum og konum á vinnustaðnum. 70% hafa sjaldan eða aldrei tekið eftir mismunur í framkomu gagnvart eldra og yngra starfsfólki á vinnustaðnum. 15% stundum og 15% mjög oft/alltaf.

Einelti: Einn starfsmaður segist hafa orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum undanfarna 6 mánuði. Tveir starfsmenn hafa séð einn annan starfsmann lagðan í einelti. Einn hefur séð 5 eða fleiri starfsmenn lagða í einelti (vegna fámennis dregur það okkur í að við erum tölfraðilega yfir

landsmeðaltali). **Til umbóta:** Vinna að góðum samskiptum milli allra. Regluleg samtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.

4. Stjórnun

Stuðningur frá næsta yfirmanni: Flestir geta fengið stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni ef á þarf að halda. Flestir segja að næsti yfirmaður sé fús að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni og að hann meti vinnuframlag sitt að verðleikum. Sanngjörn forysta: Flestir telja næsti yfirmaður úthluti verkefnum á hlutlausan og réttlátan hátt og komi fram við starfsfólk af réttlæti og jafnræði. Flestir telja sjaldan eða aldrei að samband þeirra við næsta yfirmann valdi þeim streitu.

Valdeflandi forysta: Flestir telja næsta yfirmann hvetja sig til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum. Flestir telja næsta yfirmann hvetja sig til að láta vita ef þeir eru annarri skoðun stundum, oft eða alltaf. Flestir segjast fá hjálp frá næsta yfirmanni til að auka færni þeirra í starfi stundum, oft eða alltaf.

Ræktun mannauðs: Starfsmenn eru ósammála um hvort þeim sé umbunað (t.d. peningar, hrós) fyrir vel unnin störf á vinnustaðnum, dreifast svörin svipuð og á landinu. Flestu starfsfólki finnst stundum, oft eða alltaf hugsað vel um starfsfólkið. Starfsfólk var spurt hvort stjórnendum á vinnustaðnum sé umhugað um heilsufar og velferð starfsfólksins. Tölfræðilega marktækur munur er á Skýjaborg og landinu. 23% segjast sjaldan á móti 6,7% á landinu. 38,5% stundum á móti 13%. 38,5% segja fremur oft eða mjög oft eða alltaf á móti 80% á landinu. **Til umbóta:** Stjórnendur ýti undir góða heilsu og sýni umhyggju við veikindi.

5. Uppeldi og menntun

Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna: 63,7% starfsmenn eiga auðvelt með að ýta undir félagsfærni og vináttu barna. Allir eiga auðvelt með að ýta undir virka þátttöku og áhrif barna í daglegu starfi. Flestir eiga auðvelt með að hvetja börn til að taka frumkvæði. Allir starfsmenn eiga auðvelt með að skilja upplifanir og tilfinningar barna. Erum við þar yfir landsmeðaltali. 63,7% starfsmenn eiga auðvelt með að hvetja börn til að nota fjölbreyttar leiðir til náms. 2 starfsmenn eiga hvorki auðvelt né erfitt og 1 finnst það nokkuð erfitt og erum við yfir landsmeðaltali þar. Flestir starfsmenn eiga auðvelt með að láta neikvæðar tilfinningar ekki hafa áhrif á viðbrögð við hegðun barnanna og að bregðast við áhuga þörfum barna. Flestir eiga nokkur auðvelt með að leysa vandamál í barnahópnum með árangursríkum hætti. Allir eiga auðvelt með að styðja börn við að leysa deilur. Flestir eiga auðvelt með að leiðbeina börnum ef upp koma vandamál vegna hegðunar þeirra. Þó eru 18,2% sem finnst það hvorki auðvelt né erfitt og 9,1% nokkuð erfitt. Allir eiga auðvelt með að veita börnunum umhyggju og líkamlega umönnun.

Trú á eigin getu við daglegt skipulag: Flestir starfsmenn eiga auðvelt með sinna hópastarfi, hvíld, frjálsum leik, samverustundum, útivist, skapandi starfi, samskiptum við foreldra og stuðning við börn með sérþarfir.

Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð: Flestir eiga auðvelt með að kynnast ólíkum bakgrunni og menningu allra barna á deildinni, komast til móts við börn af ólíkum uppruna og menningu og að sjá til þess að ekkert barn sé útilokað úr hópnum.

Samstarf í leikskólanum: Allir eru sammála að samstarfið á deildinni þeirra sé gott. Samstarf mætti vera betra á milli deilda. 66,6% sammála um að deildarstjórar vinni vel saman og 64% að í leikskólanum

sé samstarf alls starfsfólks gott. Getum við bætt okkur með þetta. **Til umbóta:** Vinna að bættu samstarfi á milli deilda.

Virkar samræður um starfið: Starfsfólk var spurt hversu oft það tæki þátt í að ræða ýmsa hluti er tengjast leikskólastarfi í leikskólanum. Svör svipuð og landsmeðaltal og dreifast nokkuð jafnt á milli svara. Virkni foreldra í leikskólastarfinu: Starfsfólk var spurt hversu sammála eða ósammála það væri fullyrðingum um virkni foreldra. Svör svipuð og landsmeðaltal. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans: 44% starfsmanna sammála að starfsfólk leikskólans hafi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan leikskólans. **Til umbóta:** Bæta aðgang að ráðgjöf sérfræðinga til starfsfólks. Ath. þörf hjá starfsfólki. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.

Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir: Um helmingur ánægður og helmingur óánægður. **Til umbóta:** Skýrara ut anumhald. S.s. ráðning leikskólasérkennara. Skoða þörf á sérkennslustjóra.

Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir: 44% sammála um það fái nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir. Undir landsmeðaltali hér. **Til umbóta:** Setja fram skýra ramma hvernig unnið er þegar áhyggjur vakna af þroska/hegðun barna (í þróunarverkefninu okkar Snemmtæk íhlutun – mál og læsi). Skýrara ut anumhald. S.s. ráðning leikskólasérkennara. Skoða þörf á sérkennslustjóra.

6. Símenntun og undirbúningstími

Allir starfsmenn segjast fá undirbúningstíma og 70% þeirra telur sig fá nægan undirbúningstíma. 36% starfsmanna hafa tekið þátt í þróunarstarfi síðustu 12 mánuði. 73% starfsmanna segjast hafa fengið starfsþróunarsamtal/ starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum. Helmingur starfsmanna telur sig hafa þörf fyrir þekkingu/færni á inntaki aðalnámskrár. Um 80% telur sig hafa þörf fyrir þekkingu/færni á skráningu og mati á þroska og námi og um 60% á skipulagningu á daglegu starfi. 60% hafa þörf fyrir því að fylgjast með þróun í menntunarfræði ungra barna og um 80% á þekkingu/færni á börnum með sérþarfir eða sérstakan stuðning. Allir hafa þörf á þekkingu/færni á hegðun barna og samskipti og flestir á leikskólastarfi í fjölmennningarumhverfi. 82% hafa þörf fyrir þekkingu á samstarfi við foreldra og allir þörf á þekkingu á öðrum sviðum (ekki tilgreint nánar, fyrir utan einn sem skráir uppeldisfræði almennt). 40% starfsmanna hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár. **Til umbóta:** Skoða þörf á fleiri skipulagsdögum eða starfsmannafundum. Nýta og ýta á að starfsfólk sækir námskeið.

7. Opin svör

Um líðan í starfi, starfsandi, daglegt starf, samskipti við barnahópinn og starfshætti, hvað gæti helst bætt þetta: Samskipti og upplýsingaflæði skýrara og opnara, álag minna (með því að hækka barngildin), betra vinnuumhverfi, fleiri leikskólakennara, færri börn á kennara, styttri viðverutími barna, fleiri fermetrar per barn og fullorðin, afleysing veikinda, auka bónus fyrir þá sem mæta alltaf í vinnuna, bæta hljóðvist. Álag v. fjarveru starfsmanna, betri skipulagning þegar starfsmenn vantar í hús (sérstaklega seinnipartinn), betri heildarsýn á samskiptum við börnin og ekki svona ólíka á milli deilda, meiri endurgjöf og hvatning í starfi, brugðist við ef eitthvað þarf að bæta eða mætti betur fara. Bæta upplýsingaflæði, bæta skipulag þegar mannekla er í húsi. **Til umbóta:** Bæta upplýsingaflæði. Ýta á auka-húsnæðið / tillögu í Skýrslu um Framtíðarsýn í leikskólamállum. Skoða skipulag þegar starfsmenn vantar í hús (leikskólastjóri og deildarstjórar). Ræða samskipti við börnin, hvernig viljum við sem leikskóli í heild vinna. Endurgjöf/hvatning.

Um samskipti innan leikskóla og samskipti við foreldra, hvað gæti helst bætt þetta tvennt: Fleiri opnir dagar sem foreldrar geta komið og verið með börnunum sínum í leikskólanum. Oftar foreldraviðtöl, halda betur utan um fjölskyldur m. teymisfundum. Hringja oftari í foreldra ef eitthvað er. Meiri mönnun seinnipartinn svo hægt sé að ná samtali við foreldra þegar verið er að sækja. Skýrari og einfaldari samskipti/ upplýsingaflæði. Betra upplýsingaflæði. **Til umbóta:** Við höfum ekki náð öllum foreldraviðburðum sem áætlaðir eru síðustu þrjú ár. Covid = byrjum á að ná þeim áður en við hugsum um að fjölga þeim. Fjölga foreldraviðtölum og teymisfundum. Skoða mönnun seinnipartinn (því er lokið fyrir þetta skólaár og því ekki í aðgerðaráætlun). Betra upplýsingaflæði.

Um starfsþróun og símenntun, hvað gæti helst bætt þetta tvennt: Leikskóli borgaði fyrir námskeiðin. **Til umbóta:** Upplýsa starfsfólk: Leikskóli greiðir fyrir námskeið almennra starfsmanna. Kí starfsmenn hafa sjóð til að sækja í, ræða við leikskólastjóra ef þörf er á.

Hvað er gott við vinnustaðinn: Deildin vinnur vel saman. Flest allt gott. Fámennur leikskóli. Sjö stunda vinnudagur. Góð stjórnun. Gott starfsfólk. Yndisleg börn og foreldrar. Gott andrúmsloft. Gott samstarfsfólk. Góður yfirmaður. Gott lið. Samvinnuþýður. Góður vinnustaður. Lítil og notalegur leikskóli. Mikið af góðu starfsfólki. Skipulag á deildum gott. Gott útisvæði. Samvinna. Stuðningur samstarfsfólks. Að vinna með börnunum og hafa áhrif á daglegt líf þeirra. Mér er vel tekið og samstarfsfólk opið fyrir mínum sjónarmiðum. Mikið til af leikföngum og viðfangsefnum fyrir börnin.

Hvað má betur fara á vinnustaðnum: Viðgerðir og viðhald betur sinnt. Senda börn heim samkvæmt verklagsreglum þegar mannekla er. Búið að vera of mikið álag á starfsfólki v. manneklu. Aðstaðan ekki nógu stór. Samstarf milli deilda ekki gott. Starfsmenn ekki nógu duglegir að koma skilaboðum áfram til skólastjórnanda. Betra vinnuumhverfi. Fleiri leikskólakennara. Fækka barngildum á kennara og börnum í rými. Vantar rými og betra utanumhald á deild fyrir stoðþjónustu. Vantar fundarherbergi. Vantar betri aðstöðu í fataherbergi starfsfólks. Þvo hendur eftir salerni og áður en þú borðar. Slæmt samstarf á milli deilda. Sópa betur á Regnboganum. Starfsmannaaðstaða. Salur fyrir börnin. Geymslurými fyrir leikföng. Almennileg hurð á útiskúrinn. Vagnaskýli fyrir vagnana. Loftræstingu í fataherbergi á Dropanum. Meira grænmeti og ávexti. Vinna að betri samvinnu hjá starfsfólki og fagstarfi m. börnunum. Grípa fyrr inn í ef vantar aukaaðstoð í samvinnu með foreldrum. Meira samstarf milli deilda. Vinnuaðstaða betri. **Til umbóta:** Viðgerðir og viðhald dragist ekki mikið á langinn. Fara eftir viðbragðsáætlun v. forfalla starfsmanna (hefur verið gert, en er flóknara í framkvæmd við 7 stunda vinnudag). Ýta á auka-húsnæðið / tillögu í skýrslu Framtíðarsýn í leikskólamálum. Kenna börnum að þvo hendur eftir salerni og áður en þú borðar. Skoða loftræstimál í fataherbergi Dropa. Ræða samskipti við börnin, hvernig viljum við sem leikskóli í heild vinna. Samstarf á milli deilda.

7.6.3 Aukaforeldrakönnun vor 2022

Í umbótum vegna niðurstaðna Foreldrakönnunar Skólapúlsins vor 2022 var ákveðið að leggja fyrir auka-foreldrakönnun með nokkrum spurningum til að reyna að fá skýrari svör við þeim niðurstöðum sem komu úr Foreldrakönnun Skólapúlsins. Hún var lögð fyrir í maí 2022 og bárust 15 svör. Lagðar voru fyrir sex spurningar. Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður könnunarinnar.

Foreldrar voru beðnir að hugsa um mataræðið sem barnið þeirra fær í leikskólanum og spurðir hvort eitthvað væri sérstaklega gott eða sem betur mætti fara. Af þeim 15 sem svöruðu voru 10 jákvæðir yfir mataræðinu. Nefnt var að gott væri að brauðið væri heimabakað, gott að hafa sem mest af fersku

hráefni og óunnum mat. Einn nefndi að mataræðið væri fjölbreytt og alltaf boðið upp á ávexti og grænmeti. Eitt foreldri nefndi að það mætti bjóða upp á annað prótein þegar fiskur er í matinn ef barn borðar ekki fiskinn og annað foreldri nefndi að það mætti vera annar kostur fyrir börn sem borða eitthvað alls ekki t.d. vegna áferðar, eins og fisk. Einn foreldri nefndi að gott væri að fá upplýsingar ef barnið þeirra þáði ekki lýsi í leikskólanum þannig hægt væri að bæta það upp heima. Tveir foreldrar nefndu að þeim þykir of mikil unnin vara keypt og lítið búið til frá grunni. Einu foreldri finnst vanta upp á meira grænmetisúrval. Eitt foreldri nefndi að gott væri að bjóða upp á ávexti ef börnin borða alls ekki matinn. Eitt foreldri nefndi að hann vissi ekki hvort væri í boði, en væri frábært ef það væri boðið upp á vegan mjólk. **Til umbóta:** Til upplýsinga til foreldra: Horft er í hvert og eitt barn, ef barn borðar ekki ákveðin fæðuflokk eins og t.d. fisk þarf að taka umræðu við starfsfólkið og finna leiðir. Eins ef foreldrar óska eftir að barnið fái vegan afurðir þá tökum við umræðuna með foreldrum. Taka lýsisumræðu við foreldra á haustin. Skoða það sem er gert frá grunni vs. það sem er keypt unnið og skoða: Er þörf á að minnka unna matvöru? Er þörf á að upplýsa foreldra á matseðli t.d. þegar bollur o.fl. er heimagert sem foreldrar gætu flokkað sem unna aðkeypta matvöru? Grænmetisúrval er alltaf reglulega til umræðu og höldum við því áfram.

Foreldrar voru beðnir að hugsa áfram um mataræðið sem barnið fær í leikskólanum og spurðir hvort þeir sjá fyrir sér að hægt væri að bjóða upp á fjölbreyttari fæðu (en jafnframt halda hollustu) og þá með hvaða hætti. 11 af 15 töldu barnið sitt fá fjölbreytta fæðu og nefndu ekkert frekar. Eitt foreldri nefndi að barnið/börnin væri/u þreytt á kaffitímum en annars ánægð. Eitt foreldri nefndi að lengja mætti matarrúlluna og fleiri rétti eins og t.d. fiskrétti. Tveir foreldrar nefndu að það væri mikill munur á mataræðinu í Skýjaborg og Heiðarskóla og það væri mun hollara í Heiðarskóla og öðrum leikskólum og það væri mikið sem mætti bæta þarna. **Til umbóta:** Gerður er mánaðarlegur matseðill í samstarfi við Heiðarskóla, enginn matarrúlla í gangi. Skoða mataræði í Skýjaborg m.t.t. hollustu.

Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins voru svör foreldra Skýjaborgar 12,9% undir landsmeðaltali með ánægju þeirra á húsnaði og aðstöðu í leikskólanum. Þar sem unnið hefur verið að því að skoða framtíðarsýn í leikskólamáli í Hvalfjarðarsveit voru foreldrar spurðir hér um þeirra sjónarmið, hvað þeim finnst gott og hvað má betur fara við húsnaði og aðstöðu í Skýjaborg. Þó nokkrir nefndu ýmislegt í tengslum við rýmið s.s. að stækka þyrfti leikskólann, byggja stærri, leikskólinn of lítill eða vantar meira pláss. Einnig nefndu nokkrir að það vantar hreyfirými innandyra. Einn nefndi að bæta mætti hljóðeinangrun. Einn nefndi að það mætti vera meira úrval af útileikföngum og taka ætti kastalann niður þar sem hann væri stór slyshætta. Einn nefndi þörf væri á betra fatahengi, eldhús sem henti starfseminni betur og aðstöðu starfsfólks. Eitt foreldri nefndi að bæta mætti hitastýringar og loftræstingar, oft heitt inni. **Til umbóta:** Koma þessum niðurstöðum til Fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar og sveitarstjórnar.

Foreldrar voru spurðir úti heimasíðu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, hvaða upplýsingar það vill sjá en finnur ekki á heimasíðunni. Flestir sögðust finna allar upplýsingar sem þeir þurfa. Eitt foreldri nefndi að skóladagatal fyrir næsta skólaár væri ekki komið inn og annar nefndi að gott væri að fá aðgang að dagskipulagi deildanna. **Til umbóta:** Skóladagatalið var komið inn, en greinilega djúpt á að finna það. Finna betri staðsetningu þegar nýtt skóladagatal er samþykkt svo foreldrar og aðrir finni það. Skoða staðsetningu á dagskipulagi deildanna á heimasíðu og upplýsa foreldra.

Þá voru foreldrar spurðir úti hvað er gott og hvað má betur fara á heimasíðu skólans. Flestir eru sáttir og segja hana aðgengilega. Eitt foreldri nefndi að það væri stundum lengi að finna hlutina á síðunni. Einn nefndi að vantaði meira upplýsingaflæði og einn nefndi að gott væri að hafa facebook síðu þar

sem deilt yrði á þegar sett væri eitthvað inn á heimasíðuna s.s. mánaðardagatöl, einstaka viðburði, starfsdaga o.fl. **Til umbóta:** Vinna að því að gera nýja hluti á síðunni sýnilega / betur aðgengilega. Skoða tengingu við facebook like síðu.

Foreldrar spurðir út í karellen kerfið, hvað er gott og hvað má betur fara. Foreldrar eru flestir ánægðir með kerfið. Nokkrir nefna sambandsleysi, virðast detta út úr appinu og þurfa að skrá sig inn aftur. Einn nefndi að það vantaði dagsetningar á tilkynningar (það er til staðar). Tveir nefndu að starfsfólk mætti vera duglegri að setja inn myndir jafn óðum. Einn nefndi að gott væri ef hægt væri að bæta við upplýsingum um hægðir hjá yngri börnunum sem eru ekki farin að tjá sig. Einn nefndi að það væri gaman ef myndirnar myndu geymast í appinu. Aðrir voru ánægðir með appið/kerfið. **Til umbóta:** Upplýsa karellen um sambandsleysi og ath. hvort starfsfólk þar hefur svör. Setja myndir inn oftar fyrir foreldra. Senda hugmyndir um hægðar-hnapp til karellen. Upplýsa foreldra um að myndirnar eru í kerfinu þó að þær detti út úr appinu.

Að lokum gátu foreldrar komið öðru á framfæri ef eitthvað væri. Eitt foreldri nefndi þar að foreldrakaffi og þess háttar myndi henta betur í lok dags, bæði upp á vinnu foreldra og auðveldara fyrir börnin að fara heim með foreldrum eftir samveru í stað þess að þurfa að kveðja. **Til umbóta:** Skoða foreldrakaffi í lok dags. Ágætt að nefna hér einnig: Þessi umræða hefur verið tekin í starfsmannahópnum af og til, þegar foreldrar eru væntanlegir í lok dags eru mörg börn spennt allan daginn. Börn hefja daginn á milli 7:30 og 9:00. Í lok dags er dvalartími hjá sumum börnum til 14:00 og öðrum 16:30, því óvissa með á hvaða tíma best væri að foreldrakaffi þannig að það henti sem flestum.

7.7 Samantekt

Í lok hvers kafla hafa tækifæri til umbóta verið tekin sérstaklega saman til að auðvelda gerð umbótaáætlunar. Hér á eftir er heildarmat styrkleika sett fram ásamt tækifærum til umbóta.

7.7.1 Styrkleikar

- Þrjú starfsmannasamtöl yfir árið.
- Kærleiki, virðing, kurteisi, hlustun, virðing og samtal einkennir samvinnu og samskipti innanhús við foreldra, börnin og á milli starfsfólks.
- Starfsmenn njóta sín til fulls í starfi.
- Börnunum líður vel í frjálsum leik og útiveru.
- Foreldrar ánægðir með stjórnun og telja barnið sitt ánægt í leikskólanum.
- Foreldrar ánægðir með vinnubrögð starfsfólks í leikskólanum í starfi með börnunum.
- Foreldrar telja barnið sitt fá þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið.
- Foreldrar eru ánægðir með aðstöðu í leikskólanum tengt námsumhverfi.
- Foreldrar eru ánægðir með þátttöku barna í starfinu í leikskólanum án aðgreiningar.
- Foreldrar telja leikskólakennara vera vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum.
- Foreldrar eru sammála að börnum af ólíkum uppruna og menningu er mætt á sanngjarnan hátt og réttindi kynja er virt.
- Foreldrar eru upplýstir um stefnu leikskólans og námskrá.
- Foreldrar eru sammála að tengsl við þá sem vinna á deild barnsins þess eru góð.
- Foreldrar eru ánægðir með aðlögunarferli um flutning á milli skólastiga.
- Foreldrar eru sáttir með aðkomu þeirra að flutningi barnsins á milli deilda í leikskólanum.

- Engin börn eru á biðlista vegna sérfræðiþjónustu.
- Allir foreldrar eru ánægðir með viðbrögð leikskólans við covid-faraldrinum.
- Starfsfólki finnst kunnátta þeirra nýfast í starfi og að starfið sé mikilvægt.
- Starfsandi er nokkuð hvetjandi og styðjandi, afslappaður og þæginnlegur.
- Starfsfólk fær stuðning og aðstoð við verkefni frá samstarfsfólki og það vill hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni.
- Starfsfólk fær stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni.
- Flestir telja næsti yfirmaður úthluti verkefnum á hlutlausan og réttlátan hátt og komi fram við starfsfólk af réttlæti og jafnræði.
- Starfsfólk á auðvelt með að ýta undir virka þátttöku og áhrif barna í daglegu starfi.
- Starfsfólk á auðvelt með að skilja upplifanir og tilfinningar barna.
- Starfsfólk á auðvelt með að styðja börn við að leysa deilur.
- Starfsfólk á auðvelt með að veita börnunum umhyggju og líkamlega umönnun.
- Allt starfsfólk er sammála um að samstarfið á deildinni þeirra sé gott.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Heimabakað brauð. Fjölbreytt mataræði. Ferstk hráefni og lítið af unnum mat.
- Flestir foreldrar sáttir með heimasíðuna og segja hana aðgengilega.

7.7.2 Tækifæri til umbóta

- Nota uppbyggilega gagnrýni til að koma endurgjöf á milli starfsfólks í starfi.
- Skoða viðhaldsmál.
- Skoða fagfólk í húsi, dreifingu þeirra og við nýráðningar. *Lokið / í ferli.*
- Skoða aðlögunartíma næsta haust.
- Hópefli.
- Leikskólastjóri og deildarstjórar meðvitaðir um að bregðast við þegar vantar starfsfólk. *Lokið.*
- Skoða seinniparta og mönnun. *Lokið.*
- Skoða ráðningu v. sérkennslu.
- Kaupa smekki. *Í ferli.*
- Fylgja eftir skýrslu um framtíðarsýn í leikskólamálum m.t.t. nýs leikskólahúsnaðis en fyrst auka húsnaðis á lóð til að fá hreyfisal, aukin undirbúningsrými og fundarherbergi.
- Ýta undir sjálfstæði við matarborðið á Regnboganum.
- Betra samtal á milli deilda.
- Net yfir sandkassann.
- Skoða markmið okkar varðandi dót/leikföng inni á deild.
- Nýta blöð betur, átak inni á deildum.
- Skoða hvað við gerum á eftirfarandi dögum og hvort við viljum bæta einhverju við: Dagur umhverfisins, Dagur leikskólans, Dagur ísl. Tungu/ Lubba afmæli.
- Endurskoða föstudagskaffið.
- Skoða tónlistarnám innanhúss.
- Bæta við skóhillum á Regnbogann.
- Fá snaga á útiklósett fyrir starfsfólk.
- Rifja upp verkferla og vinnubrögð að hausti með starfsfólki.

- Fara vel með skordýrin og köngulærnar, við skoðum og skilum svo aftur í náttúruna. *Lokið.*
- Spyrja foreldra nánar út í mataræði leikskólans.
- Spyrja foreldra nánar út í húsnæði og aðstöðu í leikskólanum.
- Fara yfir með starfsfólki hvernig við kennum börnum að læra að bera virðingu fyrir sér og öðrum og hvernig við aðstoðum börn í félagsfærni í gegnum leik og daglegt starf.
- Deildarstjórar: Skoði vinasambönd með starfsfólki og foreldrum og aðstoði þau börn að mynda vinasambönd. *Lokið.*
- Spyrja foreldra nánar út í heimasíðu skólans.
- Passa upp á að lykilaðili sé til staðar fyrir barnið og foreldra þess í aðlögunarferlinu og að fyrsta foreldrasamtal við leikskólastjóra í aðlögunarferlinu falli ekki niður.
- Bjóða upp á gagnlega og aðgengilega heimasíðu.
- Leikskólinn bjóði upp á hollan og góðan mat og fjölbreytta fæðu.
- Bjóða upp á gott húsnæði og aðstöðu í leikskólanum.
- Spjaldtölvur eingöngu notaðar til náms- og kennslumiðaðra verkefna.
- Bjóða upp á sterka útikennslu í fjölbreyttu umhverfi.
- Í starfsmannasamtali í haust (1. samtali – styrkleikar og hæfileikar) ræða um gæði vinnunnar.
- Hópefli og aukin samstaða starfsmannahópsins.
- Vinna að góðum samskiptum milli allra. Regluleg samtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Stjórnendur ýti undir góða heilsu og sýni umhyggju við veikindi.
- Vinna að bættu samstarfi á milli deilda.
- Bæta aðgang að ráðgjöf sérfræðinga til starfsfólks. Ath. þörf hjá starfsfólki.
- Setja fram skýra ramma hvernig unnið er þegar áhyggjur vakna af þroska/hegðun barna (í þróunarverkefninu okkar Snemmtæk íhlutun – mál og læsi).
- Skoða þörf á fleiri skipulagsdögum eða starfsmannafundum. Nýta og ýta á að starfsfólk sækir námskeið.
- Bæta upplýsingaflæði.
- Starfsfólk ræði samskipti við börnin, hvernig viljum við sem leikskóli í heild vinna.
- Fjölga foreldraviðtölum. *Lokið.*
- Kenna börnum að þvo hendur eftir salerni og áður en þú borðar.
- Skoða loftræstimál í fataherbergi Dropa.
- Ræða við foreldra um hvort það taki lýsi í leikskólanum.
- Skoða það sem er gert frá grunni vs. það sem er keypt unnið og skoða: Er þörf á að minnka unna matvöru? Er þörf á að upplýsa foreldra á matseðli t.d. þegar bollur o.fl. er heimagert sem foreldrar gætu flokkað sem unna aðkeypta matvöru? Grænmetisúrval er alltaf reglulega til umræðu og höldum við því áfram.
- Skoða mataræði í Skýjaborg m.t.t. hollustu.
- Koma niðurstöðum spurningarinnar varðandi húsnæði og aðstöðu í Skýjaborg úr aukaforeldrakönnuninni til Fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar og sveitarstjórnar.
- Vinna að því að gera nýja hluti á síðunni sýnilega / betur aðgengilega. Skoða tengingu heimasíðu við facebook like síðu.
- Upplýsa karellen um sambandsleysi og ath. hvort starfsfólk þar hefur svör. Setja myndir inn oftar fyrir foreldra. Senda hugmyndir um hægðar-hnapp til karellen.
- Upplýsa foreldra um að myndirnar eru í kerfinu þó að þær detti út úr appinu.

- Skoða foreldrakaffi í lok dags. Ágætt að nefna hér einnig: Þessi umræða hefur verið tekin í starfsmannahópnum af og til, þegar foreldrar eru væntanlegir í lok dags eru mörg börn spennt allan daginn. Börn hefja daginn á milli 7:30 og 9:00. Í lok dags er dvalartími hjá sumum börnum til 14:00 og öðrum 16:30, því óvissa með á hvaða tíma best væri að foreldrakaffi þannig að það henti sem flestum.

8. Umbótaáætlun síðasta skólaárs

Liður í innra mati er að framfylgja umbótaáætlun. Hér fyrir neðan má sjá umbótaáætlun Skýjaborgar 2021-2022 ásamt mati (dálkurinn lengst til hægri). Grænu liðirnir náðist að klára, appelsínugulir eru í vinnslu og hvítu liðirnir náði ekki að vinna. Hvítu og appelsínugulu liðirnir fara áfram í Umbótaáætlun 2022-2023.

Umbótaáætlun 2021-2022							
Matspáttur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu ytra mats eða innra mati skólans	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið	Mat
Námskeið	Fræðsla um barnaverndarmál á 2 ára fresti	Fá fræðslu um barnavendarmál á skólaárinu 2021-2022. Setja inn í símenntunaráætlun leikskólans á tveggja ára fresti.	Leikskólastjóri	Maí 2021	Janúar 2022	Hefur fræðsla um barnaverndarmál átt sér stað? Er fræðsla um barnaverndarmál komin inn í Símenntunaráætlun leikskólans?	Já, á skipulagsdegi í sept. 2021
Skólabjónusta og sérkennsla	Útbúa skráningarblað fyrir börn sem þurfa auka-stuðning	útbúa skráningarblað fyrir börn sem þurfa auka-stuðning.	Leikskólakennarar	Sep.21	maí 2022	Er komið skráningarblað? Hvernig hefur það gengið?	Ekki gert skráningarblað. Þessi vinna kemur inn í þróunarverkefnið okkar: Snemmtæk ihlutun - Mál og læsi.
	Bæta upplýsingaflæði á milli deilda um einstaka börn þegar þörf er á	Nota skráningarblöð (sjá hér fyrir ofan) til að bæta upplýsingaflæði á milli deilda.	Deildarstjórar	Sep.21	maí 2022	Hvernig er upplýsingaflæðið?	Ekki gert skráningarblað. Þessi vinna kemur inn í þróunarverkefnið okkar: Snemmtæk ihlutun - Mál og læsi.
	Kanna með að fá undirbúning fyrir leiðbeinendur.	Skólastjóri ræðir við formann fræðslunefndar. Lagt fyrir fræðslunefnd.	Leikskólastjóri	Maí 2021	maí 2022	Niðurstaða fræðslunefndar?	Var lagt fyrir janúar fund fræðslunefndar, erindi frestað. Á mars-fundi var samþykkt að leikskólinn fengi 0,15 stöðugildi inn fyrir undirbúning leiðbeinenda og skoða þarf með fjárhagsáætlun fyrir næsta skólaár framhald.
	Þjóða upp á fjölbreyttara úrval af hráu grænmeti	Fá fram hugmyndir frá starfsfólki. Koma hugmyndum og tillögum til matráðar.	Leikskólastjóri og matráður	ágúst 2021	október 2021	Er búið að taka umræðu um aukið úrval af hráu grænmeti? Hefur það skilað sér til matráðar og til barna?	Deildarstjórafundur janúar, í framhaldi tekin umræða á deildarfundum.
	Nýta skilaboðaskjóðurnar inni á deildum betur svo allir starfsmenn fái sömu upplýsingar.	Komið í ferli. Deildarstjórar byrja frá hausti að nýta skilaboðaskjóður betur svo allir starfsmenn fái sömu upplýsingar.	Deildarstjórar	ágúst 2021	desember 2021	Er allt starfsfólk að fá sömu upplýsingarnar? Eru skilaboðaskjóðurnar vel nýttar?	Útbúin var rafræn skilaboðaskjóða sem hægt er að opna og breyta í öllum ípöðum. Eyrún uppfærir alltaf.
	Leikskólastjórar og deildarstjórar meðvitaðir um að bregðast við þegar vantar starfsfólk, starfsfólk endilega koma með hugmyndir þess efnis.	Fara vel yfir viðbraðgsáætlun vegna manneklu með starfsfólki að hausti.	Leikskólastjóri	ágúst 2021	desember 2021	Er starfsfólki meðvitað um þau viðbrögð þegar vantar starfsfólk?	Starfsfólk er vakandi og spyr tímanlega deildarstjóra og leikskólastjóra. Skilaboðaskjóðan hefur gefið góða yfirsýn yfir þetta og auðveldað þessa vinnu.

Stjórnun - starfsmenn	Samvinna á milli deilda, aukið flæði barna, starfsfólks og efniviðs.	Við höfum verið að bæta flæði á milli deilda ár frá ári. Taka samtál með deildarstjórum. Hvað viljum við gera meira?	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2022	Hvað var gert?	Höldum inni vikulegum söngstundum. Í janúar var prófað að setja inn vikulegt deildarugl í stað mánaðarlegt. Áframhaldandi vinna hjá starfsfólki næsta skólaár.
	Skoða áhuga að vinna verkefni þvert á deildir og aldurshópa.	Taka umræðu með deildarstjórum á áhuga á verkefni/ þvert á deildir og aldurshópa	Leikskólastjóri	ágúst 2021	maí 2022	Var umræðan tekin? Hver var niðurstaðan? Ef farið var í verkefni, hvernig gekk það?	Ekki náðist að fara í þessa vinnu.
	Bæta flokkun í undirbúningsherbergi.	Byrjað er að flokka ýmislegt. Halda áfram þeirri góðu vinnu.	Leikskólakennarar	ágúst 2021	maí 2022	Hvernig er flokkun í undirbúningsherbergi?	Flokkun komin vel á veg. Áframhaldandi vinna næsta skólaár.
	Skoða að setja af stað þróunarverkefni með útisvæði eða bæta útisvæðið á einhvern veg.	Taka umræðu með deildarstjórum. Skoða framhald.	leikskólstjóri og deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2022	Var eitthvað sett af stað? Hver er þörfin?	Á haustönn smíðaði einn pabbi og afi útielldhús. Einn pabbi ætlar að koma með mold og annar með sand. Fyrst þarf að festa eldhúsin niður. Vangaveltur eru með sand/mold og kattaskít. Ýmsar hugmyndir eru en það á eftir að framkvæma. Áframhaldandi vinna næsta skólaár.
	Endurmat deildarstjóra til starfsmanna.	Deildarstjórar skoði með starfsfólki hvar hægt er að bæta endurmat deildarstjóra til starfsmanna. Setja í framkvæmd í framhaldi.	deildarstjórar	ágúst 2021	Janúar 2022	Hvað kom út úr umræðunum? Hvað var gert?	Deildarstjórar setja upp verklag um þrjú starfsmannasamtöl á milli starfsmanna og deildarstjóra. Stutt samtöl. Gert haustið 2022.
	Flutningar barna á milli deilda á ætlun.	Vel gengur að aðlaga börnin á milli deilda. En þarf samráð/samtal á milli deildarstjóra. Setja upp áætlun.	Deildarstjórar	Maí 2021	Sep. 21	Er komin áætlun?	Síðasta sumar (2021) var ákveðið að Bára myndi fylgja hópnum yfir á Regnboga og vera með börnunum þar þangað til deildarstjóri kæmi aftur til vinnu. Það gekk mjög vel og allir voru sáttir með þetta fyrirkomulag. Allt gekk mjög vel í sumar einnig. Ekki hefur verið gerð áætlun, aukið samtál og plan á milli deildarstjóra.
	Aukið samtál við foreldra.	Leikskólinn er að opnast eftir heimsfaraldur. Taka góðar umræður við foreldra. Skoða þörf fyrir auknu samtali hjá foreldrum.	Deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2022	Hvað var gert?	Heimsfaraldur kom aftur yfir okkur og hafa verið samkomutakmarkanir í allan vetur. Ekki hægt að halda neinar foreldraátíðir í vetur. Foreldraviðtöl aukin í tvö á hverju skólaári.
	Hljóðdempun á Regnboganum. Er komið í ferli.	Motta var póntuð haust 2020, er ekki ennþá komið í hús (maí 2021). Hljóðdempunarplötur pantaðar janúar 2021, ekki ennþá komnar í hús (maí 2021). Sjá hvernig hljóðgæðin breytast við þessar aðgerðir.	Leikskólastjóri	Maí 2021	maí 2022	Hvernig eru hljóðgæði eftir aðgerðir?	Motta og hljóðdempunarplötur komnar í hús. Starfsfólk finnur smá mun. Ekki jafn mikill kiliður. En lítið munur, aðallega þegar maður stendur við plöturnar (hljóðið kastast ekki jafn mikið).

Viðhald	Skoða Kaup á nýrri kaffikönnu.	Finna góða kaffivél. Setja á fjárhagsáætlun 2022. Kaupa vél 2022.	Leikskólastjóri	Sep.21	apríl 2022	Á fjárhagsáætlun? Komin ný vél?	Á fjárhagsáætlun. Ekki hefur verið keypt.
	Skoða kaup á nýjum húsgögnum: borðum, stólum og kennarastólum. í ferli.	Endurnýjun er hafin. Þrjú borð voru keypt í vetur og eru á leiðinni (maí 2021). Finna góða kennarastóla inn á deild, setja á fjárhagsáætlun 2022.	Leikskólastjóri	Sep.21	apríl 2022	Kennarastólar á fjárhagsáætlun? Þeir keyptir?	Á fjárhagsáætlun. Ekki hefur verið keypt.
	Skoða vilja þess að fá ísskáp og örbylgjuofn inn á kaffistofu.	Taka umræðu með starfsfólki. Starfsfólk hefur aðgang að ísskáp og örbylgjuofni. Viljum við fá tæki inn á kaffistofuna sem er lítil fyrir?	Leikskólastjóri	Sep.21	Janúar 2022	Niðurstaða umræðu?	Ákvörðun hefur ekki verið tekin. Skoða í tengslum við ákvörðun sveitastjórnar um Framtíðarsýn í leikskólamálum.
	Iðnaðareldhús.	Endurbætur á eldhúsinnréttingu hefur verið á viðhaldsþarfarlista síðustu árin. Sett áfram á viðhaldsþarfarlista.	Leikskólastjóri	Sep. 21	Janúar 2022	Á viðhaldsþarfarlista? Ákvörðun rekstraraðila?	Efst á viðhaldsþarfarlista. Ekki á áætlun 2022.
	Bæta áklæði á jóga stólunum.	Kaupa áklæði á jóga stólana eða nýja jóga stóla. Í framhaldi þarf að setja skýrar reglur um notkun jóga stóla - bara inni og einungis starfsfólk.	Leikskólastjóri	Sep.21	Janúar 2022	Er búið að endurnýja áklæði eða jóga stólana?	Keyptir voru öðruvísi gólfstólar, ekki allir jafn ánægðir með þá.
	Uppfæra dýnur í hvíld.	Finna hentugar dýnur í hvíld og kaupa. Mögulega þarf að fara á fjárhagsáætlun 2022.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	ágúst 2021	maí 2022	Er búið að finna hentugar dýnur og kaupa?	Nýjar dýnur keyptar í kjölfar myglu/rakaskemmda sem fannst á Dropanum.
	Þrifa gervigrasið.	Hentugast er að blása gervigrasið (samkvæmt seljendum). Fá aðila í það eða fá blásara þegar allt er þurrt úti.	Leikskólastjóri	Maí 2021	maí 2022	Er búið að þrifa gervigrasið? Viðvarandi verkefni.	Ekki vannst tími sumar 2022. Þörf á að gera í þurrkatíð.
Úr fyrri umbótaáætlun sem ekki náðist að framkvæma:							
Foreldrasamvinnu og ytri tengsl: þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun.	Heyra í foreldrum hvort þeir vilji auka samvinnu, s.s. bjóða þeim inn á deild að vera með í leik og hópastarfi svo þeir sjái starfið sem fram fer. Og/eða fá foreldra til að vera með í undirbúningi fyrir íþróttadag í júní, aðstoða við keppni eða mat.	Fá að setja spurningu um þetta inn í foreldraspurningakönnun fræðslunefndar vor 2020 eða spyrja í foreldraviðtölum. Ræða á starfsmannafundi með öllu starfsfólki. Hverjar eru hugmyndir starfsmanna, vilja starfsmenn sjálfir prófa að bjóða foreldrum meira inn, s.s. Til að kynna niðurstöður könnunarverkefnis eða annað?	Leikskólastjóri	ath. úr frá covid	ath. út frá covid	Hverjar eru niðurstöður frá foreldrum? Hafa starfsmenn sjálfir gert eitthvað til að auka samvinnu?	Tekin var ákvörðun um að fjölga foreldraviðtölum og hefja aftur það foreldrasamtarf sem var fyrir covid.

Innra mat: Gagnaöflun og vinnubrögð	Skoða hvernig foreldrar geta komið markvissar að mati á leikskólastarfinu.	Núna eru teknar saman niðurstöður eftir foreldraviðtölin og það hefur verið þeirra innlegg í innra matið hverju sinni. Til að auka það má leggja fyrir spurningarkönnun eða spyrja í foreldraviðtölum sérstaklega í tengslum við innra mat.	Leikskólastjóri	vor 2019	Vor 2021	Skipulag til um hvernig foreldrar koma meira að innra mati sett í matsáætlun.	Foreldrakönnun Skólapúlsins annað hvert ár. Ákveðið í fræðslunefnd í vetur.
Skólanámskrá		Tveir þættir er tengjast skólanámskrá, búið er að skoða þá og verður vinna í skólanámskránni í sumar. Skoðað verður í haust hvort það er komið inn eða verði sett inn í þessa umbótaáætlun.	Leikskólastjóri	Maí 2021	ágúst 2021	Þættir komnir inn í skólanámskrá eða settir inn á þessa umbótaáætlun.	Var uppfært í sumar (2021).

9. Umbótaáætlun 2022-2023

Út frá niðurstöðum hér að framan er sett upp umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Ath. farið var í aðgerðir á hluta strax í vor (2022) og því nokkrum liðum lokið (sem tengist foreldrakönnun).

Umbótaáætlun 2022-2023						
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Mataræði	Leikskólinn bjóði upp á hollan og góðan mat	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú hugsar um mataræði sem barnið þitt fær í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
	Leikskólinn bjóði upp á fjölbreytta fæðu	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú hugsar um mataræði sem barnið þitt fær í leikskólanum, sérðu fyrir þér að hægt sé að bjóða upp á fjölbreyttari fæðu? Með hvaða hætti?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
	Skoða mataræði í Skýjaborg m.t.t. hollustu.	Skoða það sem er gert frá grunni vs. það sem er keypt unnið og skoða: Er þörf á að minnka unna matvöru? Er þörf á að upplýsa foreldra á matseðli t.d. þegar bollur o.fl. er heimagert sem foreldrar gætu flokkað sem unna aðkeypta matvöru? Grænmetisúrval er alltaf reglulega til umræðu og höldum við því áfram. Skoða þörf á aðkomu næringarfræðings.	Leikskólastjóri	September 2022	maí 2023	Hvað var gert? Þurfti að breyta einhverju?
Húsnæði og aðstaða	Bjóða upp á gott húsnæði og aðstöðu í leikskólanum	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú hugsar um húsnæði og aðstöðu í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
	Að leikskólinn bjóði upp á góða starfsmannaaðstöðu.	Ýta á auka-húsnæðið + nýtt leikskólahúsnæði sbr. tillaga í Skýrslu um Framtíðarsýn í leikskólamálum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Hvað var ákveðið og gert?
	Að starfsfólk búi við góð loftgæði í vinnunni.	Skoða loftræstimál í fataherbergi Dropa.	Leikskólastjóri	júní 2022	desember 2022	Hvað var gert?
	Koma niðurstöðum foreldra á húsnæði og aðstöðu til Fræðslunefndar og sveitarstjórnar	Senda fræðslunefnd og sveitarstjórn erindi með niðurstöðum auka-foreldrakönnunar á húsnæði og aðstöðu.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	ágúst 2022	Fékk fræðslunefnd og sveitarstjórn erindi?
Námsumhverfi	Fræða starfsfólk um félagsleg samskipti í leikskólanum og hvernig við aðstoðum börnin að bæta sín félagslegu samskipti	Á skipulagsdegi. Fara yfir með starfsfólki hvernig við kennum börnum að læra að bera virðingu fyrir sér og öðrum og hvernig við aðstoðum börn í félagsfærni í gegnum leik og daglegt starf. Möguleg aðstoð hér frá Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	desember 2022	Á hvaða skipulagsdegi var efnið tekið fyrir?
		Skoða vinasambönd með starfsfólki og foreldrum og aðstoða þau börn sem þurfa á að halda að mynda vinasambönd.	Deildarstjórnar	apríl 2022	apríl 2023	Rætt um vinasambönd í foreldraviðtölum? Efnið tekið fyrir á deildarfundi?
	Spjaldtölvur notaðar eingöngu til náms- og kennslumiððra verkefna	Setja í starfsreglur í starfsmannahandbók. Horft er á teiknimyndir í algjörum undantekningartilfellum, s.s. Þegar mikil mannekla er, við hefð leikskólans (t.d. á Öskudegi) eða til fræðslu sem nota á í hópastarfi. Deildarstjórnar eða leikskólastjóri í fjarveru þeirra gefi leyfi.	Leikskólastjóri / deildarstjórnar	apríl 2022	ágúst 2022	Er búið að uppfæra starfsmannahandbók og upplýsa starfsfólk um reglur?

	Bjóða upp á öflugt útinám í fjölbreyttu umhverfi	Starfsfólk deilda setji sér markmið um útinám út fyrir skólalóðina, skriflega, s.s. í fundargerð deilda.	Deildarstjórar	ágúst 2022	október 2022	Hver eru markmið deildanna með útikennslu skólaárið 2022-2023? Hvernig gekk að framfylgja markmiðunum?
Heimasíðan	Bjóða upp á gagnlega og aðgengilega heimasíðu.	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú skoðar heimasíðu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Hvaða upplýsingar viltu sjá en finnur ekki á heimasíðunni? Hvað er gott og hvað má betur fara á heimasíðu skólans?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
		Út frá könnun: Vinna að því að gera nýja hluti á síðunni sýnilega / betur aðgengilega. Skoða tengingu við facebook like síðu.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Hvað hefur verið gert?
Upphaf leikskólagöngu	Að leikskólaganga hefjist sem best fyrir börn og foreldra	Ítreka að einn starfsmaður á deildinni verði lykilaðili fyrir barnið og foreldra þess í aðlögunarferlinu.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	apríl 2022	Viðvarandi	Er lykilaðili fyrir hvert barn í aðlögunarferlinu?
		Passa upp á að fyrsta foreldrasamtal við leikskólastjóra haldist inni.	Leikskólastjóri	apríl 2022	Viðvarandi	Er öllum foreldrum boðið upp á fyrsta foreldrasamtal við leikskólastjóra í aðlögunarvikunni?
Foreldrar	Foreldrar geti gengið að sömu upplýsingum alla daga í appinu.	Starfsfólk skrái alla daga sömu upplýsingar inn í appið.	Deildarstjórar	apríl 2022	Viðvarandi	Hvað á starfsfólk hvorrar deildar fyrir sig að skrá inn í karellen appið? Hvenær eru ekki allar upplýsingar skráðar?
	Að halda uppi góðu foreldrastarfi.	Að fjölga foreldraviðtölum í tvö aftur og teymisfundum eftir þörfum.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	júní 2022	maí 2023	Hefur foreldraviðtölum fjölgað? Er utanumhald um reglulega teymisfundi einstakra barna?
	Upplýsa foreldra um mataræði	Til foreldra, t.d. í Foreldrahandbók Skýjaborgar: Horft er í hvert og eitt barn, ef barn borðar ekki ákveðin fæðuflokk eins og t.d. fisk þarf að taka umræðu við starfsfólkið og finna leiðir. Eins ef foreldrar óska eftir að barnið fái vegan afurðir þá tökum við umræðuna með foreldrum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	desember 2022	Eru foreldrar upplýstir? Var sett í handbókina eða farið aðra leið?
	Samtal um lýsi milli heimilis og skóla	Að samtal sé á milli leikskóla og heimilis hvort barnið taki lýsi í leikskólanum.	Deildarstjórar	ágúst 2022	október 2022	Hefur samtal verið tekið?
	Að upplýsa karellen um niðurstöður foreldrakönnunar	Upplýsa karellen um sambandsleysi og ath. hvort starfsfólk þar hefur svör. Senda hugmyndir um hægðar-hnapp til karellen.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	ágúst 2022	Var tilkynning send á Karellen? Eitthvað í framhaldi?
	Að nýta Karellen kerfið sem best fyrir foreldra	Setja myndir inn oftast fyrir foreldra; góð skráning og góður umræðugrundvöllur milli foreldra og barna. Upplýsa foreldra um að myndirnar eru í kerfinu þó að þær detti út úr appinu.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	ágúst 2022	Voru foreldrar upplýstir? Var möguleiki að setja myndir í karellen oftast fyrir foreldra? Hvernig var það útfært?
	Að allir foreldrar komist á foreldrakaffi og aðra viðburði sem leikskólinn heldur.	Skoða foreldrakaffi í lok dags. Þessi umræða hefur verið tekin í starfsmannahópnum af og til, þegar foreldrar eru væntanlegir í lok dags eru mörg börn spennt allan daginn. Börn hefja daginn á milli 7:30 og 9:00. Í lok dags er dvalartími hjá sumum börnum til 14:00 og öðrum 16:30, breiður tími og því óvissa með á hvaða tíma best væri að foreldrakaffi væri þannig að það henti sem flestum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Var umræða tekin? Voru báðar leiðir prófaðar?

Starfsmenn	Að starfsfólk vinni sem heild að góðum samskiptum við börnin og milli barna.	Starfsfólk ræða samskipti við börnin, hvernig viljum við sem leikskóli í heild vinna.	Leikskólastjóri og deildarstjórnar	ágúst 2022	maí 2023	Hvenær átti umræðan sér stað? Hvað var sett niður á blað? Og hvar er það skrifað?
	Að starfsfólk fái þá símenntun sem það hefur þörf á.	Skoða þörf á fleiri skipulagsdögum eða starfsmannafundum. Nýta og ýta að starfsfólk sækir námskeið; skoða með aðkomu Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Hver er þörfin? Sótti starfsfólk fleiri námskeið í vetur?
	Að starfsfólk sé ánægð með gæði vinnunnar sem það vinnur.	Í starfsmannasamtali í haust (1. samtal - styrkleikar og hæfileikar) ræða um gæði vinnunnar. Fá aðstoð frá Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	október 2022	Var rætt? Allir ánægðir með gæði vinnunnar? Hvar getum við bætt okkur?
	Að starfsfólk telji vinnustaðinn sinn góðan.	Hópefli. Auka samstöðu starfsmannahópsins með samvinnu og samtali. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri og deildarstjórnar	ágúst 2022	desember 2022	Hvað var gert í sambandi við hópefli? Hefur aukið samtal átt sér stað um vinnuna?
	Að starfsfólk fái endurgjöf og hvatningu í starfi.	Allir starfsmenn hvetji samstarfsmenn sína í vinnu / séu góðir vinnufélagar. Að stjórnendur gefi starfsfólki endurgjöf í starfi í starfsmannasamtölum og á öðrum tímum ef það hentar.	Leikskólastjóri og deildarstjórnar	ágúst 2022	maí 2023	Fékk starfsfólk endurgjöf / hvatningu?
	Að viðbragðsáætlun v. forfalla starfsmanna sé virk.	Fara eftir viðbragðsáætlun v. forfalla starfsmanna (hefur verið gert, en er flóknara í framkvæmd við 7 stunda vinnudag - skoða það)	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Hefur þurft að bregðast við og nota viðbragðsáætlun? Var einhver tímann sem hún var ekki virkjuð en þörf var á?
	Að starfsfólk finni að stjórnendum sé annað um þeirra heilsufar og velferð.	Stjórnendur ýti undir góða heilsu starfsmanna. Stjórnendur sýni umhyggju við veikindi. Stjórnendur passi upp á og fylgi eftir viðbragðsáætlun vegna forfalla starfsmanna gerist þess þörf.	Leikskólastjóri og deildarstjórnar	ágúst 2022	maí 2023	Hvað var gert?
Uppeldi og menntun	Að gott samstarf sé á milli deilda	Reglulegir deildarstjórufundir. Aukin samvinna á milli deilda.	Leikskólastjóri og deildarstjórnar	ágúst 2022	maí 2023	Hvaða breytingar urðu?
	Að starfsmenn hafi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan veggja leikskólans.	Athuga þörf starfsfólks hvar þörf fyrir ráðgjöf liggur og finna út hver getur veitt hana. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	janúar 2023	Hvaða leiðir er hægt að fara?
	Að skýrt utanumhald sé við börn með sérþarfir.	Ráðning leikskólasérkennara eða sérkennslustjóra	Leikskólastjóri	júní 2022	desember 2022	Hvaða leið var farin? Hvernig er utanumhaldið?
	Að starfsfólk fái nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir.	Setja fram skýran ramma hvernig unnið er þegar áhyggjur vakna af þroska/hegðun barna (í þróunarverkefninu okkar Snemmtæk íhlutun - mál og læsi). Skýrara utanumhald: Ráðning leikskólasérkennara eða sérkennslustjóra.	Leikskólastjóri	júní 2022	desember 2022	Rammi klár í þróunarverkefninu? Hvaða leið var farin við ráðningu?
	Að börnum séu kenndar hreinlætisvenjur.	Venja börn á að þvo sér eftir salernisferðir og fyrir matartíma.	Allir starfsmenn	júní 2022	október 2022	Allir starfsmenn upplýstir um þetta?
	Að gott upplýsingaflæði ríki.	Skoða hvar þarf að bæta upplýsingaflæði og bæta það.	Leikskólastjóri og deildarstjórnar	ágúst 2022	desember 2022	Hvað var gert?
	Ýta undir sjálfsæði við matarborðið á Regnboganum.	Starfsfólk meðviðtáð um að ýta undir sjálfsæði við matarborðið á Regnboganum.	Deildarstjóri	júní 2022	október 2022	Hver er stefnan?

	Skoða markmið okkar varðandi dót/leikföng inni á deild.	Að uppfæra stefnu leikskólans varðandi dót/leikföng í leikskólanum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Er komin uppfærð stefna?
	Nýta blöð betur.	Átak inni á deildum í að nýta blöð betur og gera börnin betur meðvituð um þörf þess að fara sparlega með pappír.	Deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvernig gengur með nýtingu blaða?
	Skoða hvað við gerum á eftirfarandi dögum og hvort við viljum bæta einhverju við: Dagur umhverfisins, Dagur leikskólans, Dagur ísl. Tungu/ Lubba afmæli	Fyrir dagana: Fara yfir með deildarstjórum / starfsfólki deilda, hvað er áætlað að gera og hvort starfsfólk vilji gera meira úr deginum.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Fór umræða fram?
	Skoða tónlistarnám.	Að öll börn fái notið tónlistar í leikskólanum samkvæmt aðalnámskrá og skólanámskrá. Að starfskraftur innanhúss sé nýttur þar sem styrkleikar starfsmanna liggja.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Var gerð breyting á tónlistarnámi?
	Rífa upp verkferla og vinnubrögð að hausti með starfsfólki.	Á skipulagsdegi: rífa upp verkferla og vinnubrögð að hausti með starfsfólki.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	desember 2022	Var farið yfir verkferla og vinnubrögð?
Viðhald	Að sinnt sé viðhaldi og viðgerðum sem þarf að sinna.	Að viðgerðir og viðhald dragist ekki á langinn. Starfsfólk þarf þó að vita að minniháttar málum er safnað saman ef það má bíða.	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Hefur viðhald og viðgerðir dregist mikið á langinn?
	Hafa net yfir sandkassanum Dropamegin. Oft finnst kattaskítur.	Fá net yfir sandkassann Dropamegin.	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Er komið net?
	Bæta við skóhillum á Regnboganum.	Skoða hvar hægt sé að bæta við skóhillu og finna hillur sem henta.	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Eru komnar fleiri skóhillur?
	Fá snaga á útiklósett fyrir starfsmannaföt.	Fá og setja upp snaga á útiklósett fyrir starfsmannaföt.	Leikskólastjóri	júní 2022	október 2022	Eru komnir upp snagar?
	Bjóða upp á örugg leikskilyrði á skólalóð	Laga rólur	Leikskólastjóri / Verkefnastjóri framkvæmda og eigna	apríl 2022	ágúst 2022	Er búið að laga rólur?
		Laga grindverk.	Leikskólastjóri / Verkefnastjóri framkvæmda og eigna	apríl 2022	ágúst 2022	Er búið að laga grindverk?
	Bæta við hreyfisal	Við byggingu eða lagfæringu leikskólahúsnæðis: Bæta við hreyfisal.	Leikskólastjóri / Verkefnastjóri framkvæmda og eigna	apríl 2022	?	Samkvæmt lögum á að vera hreyfisalur við byggingu nýs leikskóla eða við meiriháttar breytingar á núverandi byggingu leikskóla. Svo ekki þörf á mati.

Vinnustaðurinn	Að einelti þrífist ekki innan veggja leikskólans.	Vinna að góðum samskiptum milli allra. Regluleg samtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvað var gert í vetur?
	Endurskoða föstudagskaffið.	Að kaffitímar starfsfólks séu þannig skipulagðir að þeir henti starfsfólki og börnum vel.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	ágúst 2022	desember 2022	Var umræða tekin við starfsfólk. Var gerð einhver breyting?
Úr fyrri umbótaáætlun sem ekki náðist að framkvæma eða þörf á áframhaldandi vinnu:						
Stjórnun - starfsmenn	Samvinna á milli deilda, aukið flæði barna, starfsfólks og efniviðs.	Við höfum verið að bæta flæði á milli deilda ár frá ári. Áframhaldandi samvinna í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólk. Hvar viljum við efla okkur?	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2023	Hvað var gert?
	Bæta flokkun í undirbúningsherbergi.	Flokkun komin vel á veg. Áframhaldandi vinna. + í tengslum við flokkun v. þróunarverkefnis.	Leikskólakennarar	ágúst 2021	maí 2023	Hvernig er flokkun í undirbúningsherbergi?
	Skoða áhuga að vinna verkefni þvert á deildir og aldurshópa.	Taka umræðu með deildarstjórum á áhuga á verkefni/ þvert á deildir og aldurshópa	Leikskólastjóri	ágúst 2021	maí 2023	Var umræðan tekin? Hver var niðurstaðan? Ef farið var í verkefni, hvernig gekk það?
	Áframhaldandi vinna með útielldhús.	Festa þarf útielldhús. Smíða meira. Fá sand og mold. Hvernig ætlum við að verjast því að fá kattaskít í sandinn/moldina? Hvernig getum við sett upp þannig að hægt sé að skipta um sand/mold árlega, líkt og í sandkössunum?	Leikskólastjóri / deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2023	Hvað hefur verið gert?
	Endurmat deildarstjóra til starfsmanna.	Deildarstjórar setja upp verklag um þrjú stutt starfsmannasamtöl á milli starfsmanna og deildarstjóra.	deildarstjórar	ágúst 2021	Sep. 22	Er verklag komið skýrt á blað og í framkvæmd?
	Skoða Kaup á nýrri kaffikönnu.	Finna góða kaffivél. Setja á fjárhagsáætlun 2022. Kaupa vél 2022.	Leikskólastjóri	Sep. 21	desember 2022	Komin ný vél?
Viðhald	Skoða kaup á nýjum húsgögnum: borðum, stólum og kennarastólum. <i>í ferli.</i>	Finna góða kennarastóla inn á deild á fjárhagsáætlun 2022. Önnur endurnýjun?	Leikskólastjóri	Sep. 21	desember 2022	Kennarastólar keyptir? Eða var annað ákveðið í samstarfi við starfsfólk?
	Skoða vilja þess að fá ísskáp og örbylgjuofn inn á kaffistofu.	Taka umræðu með starfsfólki. Starfsfólk hefur aðgang að ísskáp og örbylgjuofni. Viljum við fá tæki inn á kaffistofuna sem er lítil fyrir? Skoða í tengslum við ákvörðun sveitastjórnar um Framtíðarsýn í leikskólamálum.	Leikskólastjóri	Sep. 21	maí 2023	Niðurstaða umræðu? Hvaða ákvörðun var tekin?
	Þrifa gervigrasið.	Hentugast er að blása gervigrasið (samkvæmt seljendum). Fá aðila í það eða fá blásara þegar allt er þurrt úti.	Leikskólastjóri	Maí 2021	maí 2023	Er búið að þrifa gervigrasið? Viðvarandi verkefni.

10. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið „Barnið í brennidepli” og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári. Á líðandi skólaári náðist ekki að fara yfir neina árangursvísa og því er sama áætlun fyrir skólaárið 2022-2023 og er áætlað að fara yfir lykilþátt 5: Vinnusiðfræði leikskólans og lykilþátt 6: Námsumhverfi leikskólans.

Áherslur í innra mati verða eftirfarandi:

Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1 Starfsandi

Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttsýni

Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks

Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður

Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á.

Næsta vetur ætlum við einnig að fara yfir matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna við skipulag skólastarfsins. Matslistanum er ætlað að koma af stað umræðu meðal starfsfólks deilda eða leikskólans í heild um vinnubrögð sem ýta undir tilfinninga- og félagsfærni barna í þeim tilgangi að kortleggja hvaða vinnubrögð þarf að bæta.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti og markmið Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslunefnd.

- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslunefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Sjálfsmatsáætlun á Barni í brennidepli 2022-2025

2022-2023	2023-2024	2024-2025
Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans	Lykilþáttur 7: Stjórnun	Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn
Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans	Lykilþáttur 1: Námskrá	Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur
	Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barnanna	

11. Símenntunaráætlun 2022-2023

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

Yfirlit yfir símenntun 2022-2023

Óskað var eftir einum skipulagsdegi umfram því sem verið hefur síðustu ár, eða í heildina sjö, þar af eru tveir nú sameiginlegir, sjá nánar hér á yfirlitinu fyrir neðan. Allir dagarnir eru heilir. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi og deildarfundi. Auka dagurinn sem óskað var eftir er vegna náms- kynnisferðar starfsmanna erlendis. Að auki er einn sameiginlegur fagfundur með Leik- og grunnskóla.

Yfirlit yfir skipulagsdaga og fagfund:

Sameiginlegur skipulagsdagur **15. ágúst** (mánudagur): Skyndihjálp o.fl.

Skipulagsdagur **15. september** (fimmtudagur): Fræðslufundur með faglegs ráðgjafa og verkefnastjóra Þróunarverkefnisins Snemmtæk íhlutun – Mál og læsi.

Skipulagsdagur **26. október** (miðvikudagur): Blær námskeið (heilsdagsnámskeið), sameiginlegt með yngsta stigi Heiðarskóla.

Skipulagsdagur **2. janúar** (mánudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **23. febrúar** (fimmtudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Fagfundur **13. apríl** (fimmtudagur) kl. 16:30-18:30.

Skipulagsdagar **19. og 22. maí** (föstu- og mánudagur): Náms- og kynnisferð starfsmanna erlendis.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður uppá næsta skólaár, utan leikskólans.

Yfirlit yfir símenntunarpörf innan leikskólans

2022-2023	2023-2024	2024-2025
Námskeið í skyndihjálp (annað hvert ár).	Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)	Námskeið í skyndihjálp (annað hvert ár).
	Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).	